



Þú átt leik

Eftir stutta og skrýtna kosningabaráttu að mati álitsgjafa er kjördagur runninn upp.

➔ 26 og 32

Gunnar 28. okt 2017



Hrekkjavakan í upphaldi

Sigga Dögg heldur metnaðarfull hrekkjavökupartí. ➔ 38



Að sendast með pítsu getur reynst svaðilför Pítsusendlar segja frá.

➔ 28



Amma mín gekk burt frá tveimur börnum Rithöfundurinn Jón Kalman Stefánsson í viðtali. ➔ 34

PLÚS 2 SÉRBLÖÐ • FÓLK • ATVINNA

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Gallup apríl-júní 2015

Átt þú rétt á slysabótum?

UMFERÐASLYS

VINNUSLYS

FRÍTÍMASLYS


511 5008

TORT

INNHEIMTA SLYSABÓTA



Veður



Norðan 5-13 m/s í dag. Léttskýjað sunnan- og vestanlands, en skýjað norðaustan til á landinu og dálítill el þar síðdegis. Hiti 5 til 10 stig, en fer kólnandi síðdegis. **SJÁ SÍÐU 54**

Vinstri stjórn í kortunum

KOSNINGAR Samtal um myndun ríkisstjórnar frá vinstri til miðju er komið á fullt milli nokkurra flokka. Þetta herma heimildir Fréttablaðsins. Einn viðmælandi blaðsins gengur svo langt að fullyrða að vinstri stjórn verði svo gott sem innsiglið strax á kosninganótt.

Vinstri græn og Samfylking eru burðarásarnir í þeirri stjórn sem er í kortunum. Flokkarnir tveir ná 24 mönnum á þing samkvæmt nýjustu könnun Fréttablaðsins og vantar því átta þingmenn til að ná meirihluta á þing. Enginn þeirra þriggja flokka, Viðreisn, Framsóknarflokkur og Píratar, sem sagðir eru eiga aðild að því vinstra samtali sem er í gangi, hefur nægan þingmannafjölda til að hægt sé að mynda þriggja flokka stjórn, miðað við nýjustu kannanir.

» Vinstri græn og Samfylking ná 24 mönnum á þing samkvæmt könnun 365.

Forystumenn Vinstri grænna og Samfylkingarinnar eru hins vegar með ólík sjónarmið um hverjir þessara flokka eigi að mynda límið í stjórn; Framsóknarflokkurinn eða Viðreisn báðir saman eða annar hvor þeirra að Pírötum viðbættum. Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins vilja Samfylkingarmenn heldur mynda stjórn með Pírötum og Viðreisn enda eiga þessir flokkar mun meira sameiginlegt málefnalega en Samfylkingin og Framsóknarflokkurinn og má þá nefna bæði stjórnarskrármálin og áherslur í Evrópumálum.

Þá telja heimildarmenn blaðsins líklegt að Samfylking gangi með öðrum hvorum þessara flokka og jafnvel báðum til formlegra viðræðna um stjórnarmyndun og leiki þannig sama leik og Björt framtíð og Viðreisn gerðu eftir síðustu kosningar. – áá

Góður biti í Gróttu



Sigurður Jóhannesson tók á móti þremur brettum af frosnum hákarli í vikunni. Hann var að undirbúa hákarlinn undir verkun þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar að garði í Gróttu. Fyrst þurfti Sigurður auðvitað að ganga úr skugga um að allt væri með felldu og fékk sér vænan bita. Næst þarf að leyfa hákarlinum þiðna. Hann er síðan settur undir farg og að lokum látinn hanga. Hákarlinn er svo tilbúinn eftir tvo mánuði. FRÉTTABLAÐIÐ/EYFÓR

Umfangsmikil kosningavakt

STJÓRN MÁL Kosningavaktin á Vísi hefst eldsnemma á kjördag en blaðamenn Vísis munu standa vaktina næstu tvo sólarhringa. Aukafréttatími Stöðvar 2 hefst síðan klukkan 12.00 en að þeim loknum tekur Víglinan við. Þar ræðir Heimir Már Pétursson við góða gesti um stjórnmálin og kosningabaráttuna sem senn er á enda.

Klukkan 20.40 á laugardag hefst Risastóri kosningabátturinn með Gumma Ben en um leið og kjörstaðir loka klukkan 22.00 tekur fréttastofa Stöðvar 2 við. Þar verður greint frá fyrstu tölum en fréttamenn 365 verða í beinni útsendingu frá kosningavökum flokkanna.

Á sunnudaginn klukkan 12.20, eða strax að loknum aukafréttatíma í hádeginu, tekur Heimir Már síðan á móti formönnum flokkanna þar sem farið verður yfir niðurstöður kosninganna. – khn

Formaðurinn getur ekki kosið flokkinn

Pálmey Gísladóttir, formaður Dögunar, er búsett í Reykjavík en flokkur hennar býður einungis fram í Suðurkjördæmi þar sem hún er á framboðslista. Hún hefur ekki ákveðið hvaða stjórnmálaflokkur fær atkvæði hennar á kjördag.

STJÓRN MÁL „Ég hef nú fyrir reglu að gefa ekki upp hvað ég kys en ég get ekki kosið Dögun þó ég sé á lista hjá flokknum og formaður hans,“ segir Pálmey Gísladóttir, formaður Dögunar, sem er búsett í Reykjavík og getur því ekki kosið sinn eigin flokk þar sem flokkurinn býður einungis fram í Suðurkjördæmi fyrir alþingiskosningarnar 2017.

Pálmey segist ekki búin að ákveða hvaða stjórnmálaflokkur fær hennar atkvæði í dag þegar hún mætir í Ingunnarskóla í Grafarholti til að kjósa.

„Ég er í rauninni ekki búin að ákveða neitt. Það eru margir flokkar sem eru með mjög góð málefni. Þau eru öll í málefnskrá Dögunar og þeir virðast flestir hafa kosið að taka þau upp. Ef ég fengi að ráða væri öllum steipt saman í einn flokk sem hétu Dögun og við gætum kosið hann. En ég er ansi hrædd um að ruslatunnur landsins fyllist á sunnudag af sviknum lofordum,“ segir Pálmey.

Formaðurinn tók við embættinu hjá Dögun í janúar síðastliðnum. Afskipti Pálmeyjar af stjórnmálum hófust að hennar eigin sögn árið 2012 þegar hún tók þátt í stofnun og var síðar kjörin varaformaður Samstöðu.

Pálmey var í framboði fyrir Flokk heimilanna í alþingiskosningunum 2013 og Dögun í kosningunum í október í fyrra þar sem flokkurinn fékk 1,7 prósent atkvæða. Báðir flokkarnir buðu fram á landsvísu og var Pálmey á framboðslistum í Norðvesturkjördæmi en búsett í borginni.

„Ég ólst upp í mjög pólitísku



Pálmey er ekki búin að ákveða hver fær atkvæði hennar. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Ég er í rauninni ekki búin að ákveða neitt. Það eru margir góðir flokkar sem eru með mjög góð málefni.

Pálmey Gísladóttir, formaður Dögunar

umhverfi á Saudárkróki þar sem Framsókn réði en fjölskyldan studdi Sjálfstæðisflokkinn. En mér var kennt að maður ætti að skoða málin frá öllum hliðum og að allir hefðu sjálfstæða hugsun og getu til þess að velja og hafna.

En ég er eins og kötturinn. Ég kem alltaf niður á fæturna,“ segir Pálmey og hlær. haraldur@frettabladid.is

15%

afsláttur af 210 stk. Nicorette níkótínlyfjatyggiðummi

- Allar bragðtegundir 2 mg og 4 mg

Fruitmint - Classic - Whitemint - Freshmint



Gildir til 12. nóvember 2017

Apótekarinn+
- lægra verð

www.apotekarinn.is

HVAR SEM ÞÚ BÝRÐ

GETUR ÞÚ KOSIÐ LILJU Á ÞING



Kæri kjósandi

Lilja Alfreðsdóttir er í baráttusætinu í Reykjavík. Kosningakerfi okkar er þannig upp byggt að hvert atkvæði greitt Framsókn skiptir máli til að rödd Lilju hljómi áfram á Alþingi – hvar sem þú kýst á landinu.

Við biðjum um stuðning þinn til að tryggja öfluga Framsókn í forystu fyrir sterkt og sameinað Ísland.

Þómas Guðni Johannsson
Formaður Framsóknarflokksins



TÖLUR VIKUNNAR 22.10.2017 TIL 28.10.2017

5 mánuðum

eftir að namar í námi til lög-gildingar fasteigna- og skipasala við Hl þreyttu lokapróf fengu þeir einkunn í áfanganum. Prófgögnin týndust þegar þau voru send í pósti til kennara námskeiðsins sem býr í Austurríki.

60 milljarðar

króna er umfram eigið fé í ríkis-böðkunum tveimur samkvæmt greiningu hagfræðings Samtaka fjármálafrýrtækja.


**11** þúsund

krónur eru greiddar úr ríkissjóði á ári til trúfélaga fyrir hvern skráðan meðlim.

7,7

milljónum

króna varði Húnaþing vestra til refa- og minkaveiða frá 1. september 2016 til 31. ágúst 2017.

**31-29**

fyrir Ísland voru úrslitin í vináttu-landsleiknum við Svíþjóð.

**6%**

kvenna eru með yfir milljón króna í laun á mánuði. **15 prósent** karla eru með yfir milljón á mánuði.

Þrjú í fréttum
Koss, síðferði og iðnnám**Brynjar Nielsson**

alþingismaður

bað Steinunni Þóru Árnadóttur afsökunar á að hafa spurt hvort hann mætti kyssa hana á fundi Siðmenntar sem sýndur var í beinni útsendingu á Facebook. Hann kvaðst með því hafa verið að lýsa ánægju yfir málflutningi hennar en kersknin hefði verið misheppnuð.

**Agnes M. Sigurðardóttir**

biskup

sagði ekki síðferðilega rétt að stela gögnum og fara á bak við fólk til að afhjúpa mál og leiða sannleikann í ljós. Ummælin vöktu mikla athygli og voru þau sett í samhengi við Lögbannsmálið svokallaða. Hundruð hafa sagt sig úr Þjóðkirkjunni í kjölfarið.

**Chuong Le Bui**

vietnamskur matreiðslunemi

á Nauthóli, fékk sent bréf frá Útlendingastofnun þess efnis að hún hefði ekki lengur landvistarleyfi sem námsmaður. Hún er búin með tvö ár á námssamningi hjá veitingastaðnum af fjórum. Í nýjum útlendingalögum sem tóku gildi í janúar er nám skilgreint sem samfelld nám á háskólastigi. Ekki er minnst á iðnnám í lögnum.

**Kvartanir hrönnuðust upp í vaxtaverkjum hjá WOW air**

Samgöngustofu hafa borist hátt í 900 erindi vegna flugfélaga það sem af er ári. Fjöldinn hefur tvöfaldast tvö ár í röð. Langflestar kvartanir snúa að seinkunum hjá WOW air. Stór hluti kvartana til Samgöngustofu er tilkominn vegna þess að félagið hefur ekki svarað. Neytendur í dag eru betur upplýstir um réttindi sín.

SAMGÖNGUR Algjör sprenging hefur orðið í fjölda kvartana sem Samgöngustofu berast frá flugfarþegum. Fjöldi erinda það sem af er ári hefur tvöfaldast frá því í fyrra eftir að hafa tvöfaldast milli ára í fyrra sömuleiðis. Neytendur eru betur upplýstir nú um réttindi sín, segir Samgöngustofa. Langflestar erindir varða seinkanir á vélum WOW air.

Eins og sjá má á meðfylgjandi töflu hafa Samgöngustofu borist 895 kvartanir vegna flugfélaga það sem af er ári en þar af eru 582 vegna WOW air.

Fréttablaðið óskaði eftir sundurliðuðum fjölda erinda sem borist hafa Samgöngustofu til meðferðar það sem af er ári vegna flugfélaga en ef flugfélög hafna kröfu farþega um bætur eða endurgreiðslu getur Samgöngustofa hjálpað með úrlausn mála. Ástæður kvartana geta verið vegna þess að flugi hefur verið aflýst, seinkun hefur orðið á flugi, farþega neitað um far eða tjón hafi orðið á farangri.

Samgöngustofa segir misjafnt hversu margir einstaklingar eru á bak við hvert erindi og að ferli mála ljúki með mismunandi hætti. Hluti þeirra endar með ákvörðun Samgöngustofu þar sem flugfélögum getur verið gert að greiða kvartanda bætur en í mörgum tilfellum næst sátt milli farþega og flugrekanda. Þórhildur Elínardóttir, samskiptastjóri Samgöngustofu, segir flugfarþega í auknum mæli leita réttar síns.



WOW Air, flugfélag Skúla Mogensen, stendur upp úr þegar tölur yfir kvartanir til Samgöngustofu eru skoðaðar. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Kvartanir til Samgöngustofu

Flugfélag	Fjöldi	Aflýsing	Seinkun	Neitun	Farangur	Annað
Wow Air	582	58	475	30	12	7
Vueling	64	25	37	2		
Icelandair	61	12	46	1		2
Norwegian	50	9	41			
Primera	39		38			1
Wizz Air	29	10	17	1		1
Air Iceland Connect	18	10	8			
Air Berlin	13	13				
Easyjet	9	1	8			
Önnur félög	30	8	20			2
Samtals	895	146	690	34	16	9

„Mjög mikil aukning hefur orðið á fjölda erinda af þessum toga sem berast stofunni. Þannig má segja að árið 2016 hafi erindi hingað tvöfaldast frá því sem áður var og nú á þessu ári hefur einnig orðið tvöföldun kvartana flugfarþega frá því sem var 2016.“

Þórhildur segir skýringarnar helst aukna neytendavitund almennings og vöxt í flugsamgöngum.

Svanhvít Friðriksdóttir, upplýsingafulltrúi WOW, segir að um 70% erindanna séu tilkominn vegna þess að félagið hefur ekki svarað.

„Sem er augljóslega ekki ásættanlegt en skýrist af þeirri miklu stækkun sem WOW air hefur farið í gegnum undanfarin ár.“ Bendir Svanhvít á að farþegafjöldi hafi vaxið um 296% frá 2015-2017.

„Því miður hefur þessi mikli vöxtur orðið til þess að við höfum ekki náð að svara öllum sem skyldi á réttum tíma og geta svarað farþegum hvort um bótaskyld atvik er að ræða.“


WOW hafi fjárfest mikið síðustu mánuði til að geta þjónustað viðskiptavinum betur og að gengið hafi verið frá nær öllum þessara 70% erinda er varða svarleysi.

Hins vegar hafi stór hluti komið til af óviðráðanlegum aðstæðum. Nefnir hún sem dæmi óveður og árekstur kerru Icelandair Ground Service við breiðþotu WOW í apríl.

„Kvartanir berast frá farþegum en WOW air er ekki bótaskyldt í öllum tilfellum.“ mikael@frettabladid.is

HVERNIG Á REYKJAVÍK AÐ VERA?

Áhugaverð og aðgengileg bók um borgir og borgarskipulag eftir Hjálmar Sveinsson og Hrund Skarphéðinsdóttur.



GILDIR 27.10.17 - 30.10.17

TAX FREE



AF ÖLLUM VÖRUM
ALLA HELGINA Í ÖLLUM BÚÐUM

KOMDU
OG GERÐU
FRÁBÆR
KAUP!



AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT
AF ÖLLUM VÖRUM.
TAX FREE TILBOÐ
JAFNGILDIR **19,35%**
AFSLÆTTI. AFSLÁTTURINN
ER Á KOSTNAÐ
RÚMFATALAGERSINS.
VIRÐISAUKA ER AÐ
SJÁLFSÖGÐU SKILAÐ
TIL RÍKISSJÓÐS.

RÚMFATALAGERINN ER Á 5 STÖÐUM: SKEIFUNNI - SMÁRATORGI - GRANDA - AKUREYRI - SELFOSSI

Við komum
þér á kjörstað
540 4300



FULL BÚÐ AF
TILBOÐUM Á
ELKO GRANDA

25%

50%

12%

40%

7 ÁRA
AFMÆLISHÁTÍÐ
ELKO GRANDA
26-29 OKT.
ELKO


MENNTAMÁLASTOFNUN

Innritun í framhaldsskóla á vorönn 2018

Sameiginlegt umsóknartímabil framhaldsskóla sem bjóða upp á innritun fyrir nám á vorönn 2018 verður dagana 1.-30. nóvember nk.

Fjar- og dreifnám og nám í kvöldskóla

Innritun í fjar- og dreifnám og í kvöldskóla fer fram samkvæmt fyrirkomulagi sem einstakir framhaldsskólar auglýsa.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í síma 514 7500 eða með því að senda tölvupóst á netfangið innritun@mms.is

Starfsfólk Menntamálastofnunar

Víkurhvarfi 3 • 203 Kópavogi
postur@mms.is • www.mms.is • (+354) 514 7500



Lögreglan hefur haft afskipti af þarinu sem herjað hefur á íbúa Laugarneshverfis. Íbúar eru hvattir til að læsa hurðum og hafa augun opin fyrir grunsamlegum mannaferðum. Myndin tengist efni fréttar ekki. FRÉTTABLAÐIÐ/ERNIR

Heimilisláusir þjófar herja á Laugarneshverfi

Utangarðspar er í sigti lögreglunnar vegna raðar innbrota og þjófnaðarmála í Laugarneshverfi undanfarna viku. Bíl hefur verið stolið, brotist inn í bíla, heimili og bílskúra. Lögreglan vonast til að geta komið þarinu í síbrotagæslu.

LÖGREGLUMÁL Ungt heimilisláust þar er grunað um röð innbrota og þjófnaðarmála í Laugarneshverfi í Reykjavík í vikunni og hafa margir íbúar í hverfinu verulegar áhyggjur. Lögreglan hefur haft ítrekuð afskipti af þarinu og biður þess að það brjóti af sér aftur svo skilyrði síbrotagæslu verði uppfyllt. Þangað til þurfa íbúar að hafa augun opin og dyrnar læstar.

„Það er bylgja í innbrotum þarna og okkur grunar að megnið af þeim tengist þeim,“ segir Jóhann Karl Þórisson aðstoðaryfirlögregluþjónn. Hann segir lögregluna fylgjast náið með gangi mála.

„Við erum með þau í gjörgæslu. Þau þurfa að fá ákveðið mörg brot á sig til að hægt sé að setja þau í síbrotagæslu og við erum að vinna í þessu. Vonandi náum við innan tíðar að klára þetta.“

Nokkur umræða hefur skapast um innbrotafaraldurinn í Facebook-

Þau þurfa að fá ákveðið mörg brot á sig til að hægt sé að setja þau í síbrotagæslu og við erum að vinna í þessu.

Jóhann Karl Þórisson, aðstoðaryfirlögregluþjónn



hópi íbúa í hverfinu þar sem þolendur þjófaparsins greina frá raunum sínum. Þar gefur að líta frásagnir af stolnum bíl, innbrotum í bíla, innbrotum í bílskúra og heimili þar sem verðmætum er stolið. Jóhann Karl segir að brotist hafi verið inn í fyrirtæki sömuleiðis.

Greina má áhyggjur og ótta meðal margra íbúa sem þar taka til máls en líka samúð með ógæfu og aðstæðum parsins sem þurfi fyrst og fremst á úrræðum og aðstoð að halda. Jóhann Karl staðfestir að hið unga þar sé heimilisláust og glími við geðræn vandkvæði.

Hann segir mál sem þessi taka tíma og til að koma þeim í síbrotagæslu þurfi einstaklingar að brjóta nokkrum sinnum af sér.

„Við getum tekið þau úr umferð einn dag til yfirheyrslu en síðan fara þau út og koma aftur inn. Síbrotagæsla er úrræði til að geta látið fólk, sem getur ekki gengið laust vegna þess að það er alltaf að brjóta af sér, sitja inni þar til dómur falla í málinu.“

Það eina sem íbúar hverfisins geti í raun gert sé að gæta þess að læsa að sér og hafa augun opin fyrir grunsamlegum mannaferðum.

mikael@frettabladid.is

Trúnaður yfir annarri sáttargreiðslu RÚV

FJÖLMIDLAR Sú ákvörðun Ríkisútvarpsins að greiða Guðmundi Spartakusi Ómarssyni 2,5 milljónir í miskabætur til að ljúka meidyrðamáli utan dómstóla í síðasta mánuði er ekki einsdæmi í seinni tíð. Árið 2008 greiddi Ríkisútvarpið útgerðarfélagi á Súdavík bætur vegna fréttar af yfirvofandi gjaldþroti fyrirtækisins sem reyndist röng. Ríkisútvarpið segir trúnað ríkja um efni sáttarinnar og mun ekki upplýsa hversu há sáttargreiðslan var að svo stöddu.

Samkvæmt heimildum Fréttablaðsins barst Ríkisútvarpinu kröfuþréf frá lögmanni útgerðarfyrirtækisins FiskAri á Súdavík vegna fréttaflutnings svæðisútvarps Vestfjarða af meintu yfirvofandi gjaldþroti fyrirtækisins vorið 2008. Aldr-

» Páll Magnússon var útvarpsstjóri þegar RÚV greiddi útgerðarfélagi bætur vegna fréttar.

ei kom til stefnu í því máli líkt og í tilfelli Guðmundar Spartakusar, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins féllst RÚV á að greiða eiginanda fyrirtækisins bætur gegn því að málið yrði látið niður falla.

Fréttablaðið óskaði í upphafi mánaðarins eftir upplýsingum frá RÚV um hversu há sáttargreiðslan var en fékk þau svör frá Margréti Magnúsdóttur, skrifstofustjóra RÚV, í vikunni að þar sem kveðið

hafi verið á um trúnað í sáttinni við FiskAra, telji stofnunin rétt að bíða niðurstöðu úrskurðarnefndar um upplýsingamál varðandi erindi fjölmíðla sem óskað hafa eftir afriti af sátt RÚV við Guðmund Spartakus.

Páll Magnússon, fyrrverandi útvarpsstjóri og núverandi þingmaður Sjálfstæðisflokksins, gagnrýndi RÚV á Facebook í síðasta mánuði fyrir að fallast á að greiða Guðmundi miskabætur í stað þess að láta á málið reyna fyrir dómstólum. Spurði hann hvort RÚV væri að borga peninga til að þurfa ekki að biðjast afsökunar og hvort verið væri að kaupa sig frá því að leiðrétta frétt.

Páll var útvarpsstjóri þegar Ríkisútvarpið gerði sátt í máli vestfirskra útgerðarfélagsins árið 2008. – smj

**TAX
FREE
DAGAR**



**AFNEMUM VIRÐISAUKASKATT*
AF ÖLLUM FATNAÐI OG SKÓM
26.-29. OKTÓBER**

*Að sjálfsgöðu fær ríkissjóður 24% virðisaukaskatt af þessari sölu. Verðlækkunin 19,36% er alfarið á kostnað Hagkaups.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

Ert þú með heimilislækni?

Ný heilsugæslustöð Urðarhvarfi 14, Kópavogi

Skráning stendur yfir, opin öllum, óháð búsetu. verið velkomin !

Sími 510 6500, www.hv.is



HEILSUVERND
því hver dagur er dýrmætur
HEILSUGÆSLA

Urðarhvarf 14 | 203 Kópavogur | s: 510 6500 | www.hv.is

MARAPÓN
NOW OG 11GB
Á 3.990 KR.*

*á mánuði

365

Svarar ekki gagnrýni forstöðumanns Zúista

Daginn sem Fréttablaðið sagði frá viðurkenningu á Ágústi Arnari Ágústssyni sem forstöðumanni Zuism skráðu 168 manns sig úr félaginu. Starfsmaður sýslumanns sem Ágúst gagnrýnir fyrir stjórnsýslu í málinu neitar að tjá sig.

TRÚFÉLÖG Mjög langur tími leið frá því að Ágúst Arnar Ágústsson gerði kröfu um að verða skráður forstöðumaður Zuism þangað til hann fékk viðurkenningu sem slíkur hjá Sýslumanninum á Norðurlandi eystra. Sá starfsmaður embættisins sem annast trúfélagaskráningu var harðlega gagnrýndur fyrir stjórnsýslu sína í yfirlýsingu sem Ágúst sendi frá sér eftir að frétt Fréttablaðsins um málalyktir birtist á þriðjudag. Viðkomandi starfsmaður kveðst ekkert vilja láta hafa eftir sér um ásakanir forstöðumannsins.

Flótti virðist brostinn í lið trúfélagsins Zuism. Það sem af er október hafa tíu prósent meðlima safnadarins sagt sig úr félaginu samkvæmt upplýsingum frá þjóðskrá.

Eins og ítrekað hefur komið fram hefur verið deilt innan félags zúista um hver ætti að veita félaginu forstöðu. Fréttablaðið greindi frá því á þriðjudag að sýslumannsembættið á Norðurlandi eystra hefði orðið við



Ágúst Arnar Ágústsson er forstöðumaður Zuism

168

söguðu sig úr Zuism daginn sem Fréttablaðið birti frétt um að Ágúst Arnar Ágústsson væri orðinn viðurkenndur forstöðumaður trúfélagsins.

kröfu Ágústs og viðurkennt hann sem forstöðumann. Þann dag skráðu sig 168 manns úr Zuism og voru í félaginu í lok miðvikudags 2.380 meðlimir. Yfir þrjú þúsund manns voru skráðir í félagið á tímabili.

Í byrjun október voru skráðir 2.651 félagar. Af þeim höfðu 271 sagt sig úr félaginu í gær. Þetta þýðir að fækkað hefur um 10,2 prósent í félaginu á innan við mánuði.

Þeir sem höfðu undirtökin hjá zúistum næst á undan Ágústi, sem var meðal upphafsmanna félagsins fyrir fjórum árum, boðuðu endurgreiðslu svokallaðra sóknargjalda til meðlimanna. Það eru tæplega 11.000 krónur á ári sem ríkið borgar Zuism fyrir hvern meðlim eins og öðrum trúfélögum.

Ágúst boðaði á miðvikudag að endurgreiðslur hefjist í nóvember, þó ekki til þeirra sem höfðu áður skráð sig úr félaginu. Hann sagði zúista einnig geta valið um að geta látið sinn hlut renna til góðgerðarmála. Á fimmtudag sagði hann svo frá því að 1,1 milljón króna af sóknargjöldum þeirra sem hefðu yfirgefið félagið hefði verið gefin til Barnaspítala Hringins.

gar@frettabladid.is

Byggingarréttur til sölu



Hallgerðargata á Kirkjusandi

Reykjavíkurborg leitar eftir tilboðum vegna uppbyggingar á Kirkjusandi.

Tilboðið feli í sér eftirfarandi:



Kaup byggingarréttar á lóð nr. 1 við Hallgerðargötu.



Sölu til Reykjavíkurborgar á 20 íbúðum á lóðinni.



Byggingu á 650m² ungarnaleikskóla.

Á lóðinni er heimilt að byggja allt að 82 íbúðir um 6.800m² að brúttóflatarmáli, um 650m² atvinnuhúsnæði, (ungbarnaleikskóla) og allt að 6.150 m² kjallararými. Hluti lóðarinnar verður nýttur fyrir leikskólann.

Vakin er athygli á að senda verður fyrirspurnir og tilboð í gegnum útboðsvef innkaupa-deildar Reykjavíkurborgar. Þar eru öll útboðsgögn. Fyrirspurnarfrestur rennur út kl. 12:00, 13. nóvember 2017. Svarfrestur rennur út kl. 16. nóvember 2017.

Tilboðum skal skila með rafrænum hætti á útboðsvef innkaupa-deildar Reykjavíkurborgar utbod.reykjavik.is eigi síðar en kl. 10:00 þann 23. nóvember 2017.

reykjavik.is/lodir



N1 hefur tvær vikur að skila áætlun um úrbætur. FRÉTTABLAÐIÐ/JÓN SIGURÐUR

Stöðva rekstur bensínstöðvar á Hvammstanga

Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra áformar að stöðva rekstur N1 á Hvammstanga. Bensínstöðin er ekki í samræmi við reglugerð vegna vanbúinna mengunarvarna og ófullnægjandi afgreiðsluplans.

NÁTTÚRA Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra íhugar að loka bensínstöð N1 á Hvammstanga frá og með 1. febrúar næstkomandi þar sem bensínstöðin starfar ekki í samræmi við reglugerð. Ófullnægjandi afgreiðsluplan og skortur á mengunarvarnarbúnaði veldur því að heilbrigðiseftirlitið fer í þessar aðgerðir.

Í bréfi heilbrigðiseftirlitsins til forsvarsmanna N1 segir að umrædd bensínstöð hafi hafið rekstur án starfsleyfis og hafi því eftirlitið fyrst stöðvað starfsemi á apríl 2015. Í framhaldi af þeirri stöðvun sótti N1 um starfsleyfi og gaf heilbrigðiseftirliti loforð um að gengið yrði frá málum í samræmi við þágildandi reglugerð.

„N1 hefur ekki enn staðið við að framkvæma fullnægjandi úrbætur, þannig að hvorki er fullnægjandi afgreiðsluplan né oliuskilja tengd stöðinni,“ segir í bréfinu. Vantar því tilskilinn mengunarvarnarbúnað á stöðina.

N1 sendi eftirlitinu bréf dagsettt 2. október og óskaði eftir því að fá að halda áfram rekstri til loka júní á næsta ári án þess að uppfylla skilyrði um mengunarvarnir. Hafnaði heilbrigðiseftirlitið þeirri umleitan.

Verði ekkert að gert mun því bensínstöðinni verða lokað í febrúar.

Sigurjón Þórðarson, heilbrigðisfulltrúi Norðurlands vestra, segir fyrirtækið hafa tækifæri til 15. nóvember til að skila andmælum og koma með tímasettar áætlanir um úrbætur. „Þetta hefur staðið í nokkurn tíma og því tókum við til þessa ráðs að loka stöðinni ef hún uppfyllir ekki þær reglugerðir sem settar eru um starfsemi sem þessa,“ segir Sigurjón.

Ásdís Björg Jónsdóttir, gæðastjóri N1, segir að bréfið hafi nýlega borist til fyrirtækisins og því hafi ekki gefist ráðrúm til að funda um málið. Það verði gert á næstu dögum. Að öðru leyti vildi hún ekki tjá sig um málið. sveinn@frettabladid.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY

AÐRIR HVERFA Í SKUGGANN AF LAND CRUISER

Black



Verð frá: 8.110.000 kr.

Aukahlutapakki að verðmæti 728.000 kr. fylgir Land Cruiser 150 Black:

GoodYear heilsársdekk, 18" BLACK álfelgur, hliðarlistar með krómi, hlíf á afturstuðara, krómhlíf á spegla, toppgrindarbogar, húddhlíf, krómliði á afturhlera, gluggavindhlífir og krómstútur á púst.

Um glæsileika Land Cruiser er engum blöðum að fletta og nú kynnum við hinn margrómaða töffara í margkrómaðri sérútgáfu – Land Cruiser 150 Black. Þessi eitursvali Land Cruiser er prýddur krómi á alla kanta og kolsvörtum 18" álfelgum sem lyftir glæsileikanum í nýjar hæðir. Og það er svalt á toppnum. Ekki hverfa í skuggann. Komdu og reynsluaktu Land Cruiser 150 Black.

Kynntu þér Toyota FLEX, nýja leið til að eignast Toyota bifreið, á www.toyota.is

VILDARPUNKTAR ICELANDAIR MEÐ ÖLLUM NÝJUM TOYOTUM



Toyota Kaupúni
Kaupúni 6
Garðabæ
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbæ
Sími: 420-6600

Toyota Selfossi
Fossnesi 14
Selfossi
Sími: 480-8000

Sjá nánar um Vildarpunktasöfnun á www.toyota.is

Black-pakkinn fylgir ekki með öðrum tilboðum.

Bíllinn í þessari auglýsingu endurspeglar ekki endilega þann búnað sem tilgreindur er.

Allar upplýsingar eru birtar með fyrirvara um villur.

Eitt fordæmi fyrir fjögurra flokka stjórn

Fjórum sinnum í sögunni hafa minnihlutastjórnir verið myndaðar. Þær hafa aldrei setið heilt kjörtímabil. Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði, segir vinnubrögð þurfa að breytast verulega til að myndun minnihlutastjórnar gæti gengið upp.

STJÓRN MÁL Eitt dæmi er um það í lýðveldissögunni að mynduð hafi verið fjögurra flokka ríkisstjórn. Það var þegar Borgaraflokkurinn gekk til liðs við Framsóknarflokkinn, Alþýðubandalagið og Alþýðuflokkinn árið 1989. Ríkisstjórnin sat fram að alþingiskosningum 1991. Miðað við niðurstöður skoðanakannana verður ómögulegt að mynda meirihlutastjórn nema með þátttöku þriggja til fjögurra flokka.

Nokkur dæmi eru um þriggja flokka stjórnir. „Það hafa yfirleitt verið vinstri stjórnir,“ segir Gunnar Helgi Kristinsson, prófessor í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands. Fyrsta slíka stjórnin var mynduð árið 1947 og sat í tvö ár. Sú stjórn var kölluð Stefania og var mynduð af Sjálfstæðisflokknum, Alþýðuflokknum og Alþýðubandalagi. Næsta stjórn var vinstri stjórn frá 1956 til 1958 sem var mynduð af Framsóknarflokknum, Alþýðubandalaginu og Alþýðuflokknum.

Árið 1971 til 1974 sat stjórn Samtaka frjálslyndra og vinstri manna, Alþýðubandalagsins og Framsóknarflokksins og svo sat vinstri stjórn Alþýðubandalagsins, Alþýðuflokksins og Framsóknarflokksins á árunum 1978 til 1979. Árið 1987 var mynduð þriggja flokka stjórn undir forystu Þorsteins Pálssonar, þáverandi formanns Sjálfstæðisflokksins, með Framsóknarflokki og Alþýðuflokki. Stjórnin sprakk



Fjögurra flokka ríkisstjórn Steingrims Hermannssonar lét af störfum 1991. Í henni sátu frá vinstri Júlíus Sólnes, Guðmundur Bjarnason, Svavar Gestsson, Jón Baldvin Hannibalsson, Steingrímur Hermannsson, Halldór Ásgrímsson, Ólafur Ragnar Grímsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Jón Sigurðsson og Óli Þ. Guðbjartsson. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

í beinni útsendingu á Stöð 2 rúmu ári seinna og þá var mynduð vinstri stjórn sem var undanfari fjögurra flokka stjórnarinnar. „Síðan erum við bara með tveggja flokka stjórnir eftir það þangað til í fyrri,“ segir Gunnar Helgi.

Þá hafa nokkrar minnihlutastjórnir verið myndaðar. Árið 1949

myndaði Ólafur Thors minnihlutastjórn sem starfaði til 1950. „Það er eina tilraunin til þess að fá minnihlutastjórn til að virka sem eitthvað annað en bráðabirgðastjórn,“ segir Gunnar Helgi.

Árið 1958 sat Alþýðuflokkurinn í minnihlutastjórn í skjóli Sjálfstæðisflokksins til að koma á breytingum á

kjördæmaskipan. Árin 1979 til 1980 var Alþýðuflokkurinn í minnihlutastjórn þangað til kosningar voru haldnar. Þá var minnihlutastjórn Samfylkingarinnar og VG mynduð 1. febrúar 2009. Hún naut hlutleysis Framsóknarflokksins.

„Þannig að það er engin hefð fyrir minnihlutastjórnunum. Ef landslagið

Samstarf margra flokka í borgarstjórn

Þrátt fyrir að einungis eitt fordæmi sé fyrir fjögurra flokka meirihluta á Alþingi eru nokkur fordæmi fyrir því í sveitastjórnunum. Nærtækast er að nefna núverandi meirihluta í Reykjavík, sem er myndaður af fjórum flokkum. Þá var kosningabandalag R-listans upphaflega myndað af fimm stjórnmálahreyfingum, það er Alþýðuflokknum, Alþýðubandalagi, Framsóknarflokknum, Kvinnalistanum og Nýjum vettvangi.

ætti að breytast myndi það kalla á töluvert breytt vinnubrögð,“ segir Gunnar Helgi.

Á fullveldistímanum hefur einungis ein utanþingsstjórn verið starfandi. Gunnar Helgi segir að það megi læra mjög margt af þeirri stjórn. „Það var stjórn sem var mynduð af ríkisstjóra sem þá var og hafði ekki þingmeirihluta. Hún réði bókstaflega ekkert við þingið og var í mjög veikri stöðu. Menn hafa ályktað út frá því að minnihlutastjórnir myndu ekki eiga glaða daga á Íslandi og myndi ganga illa að koma hlutum í gegnum þingið. En maður veit aldrei.“

jonhakon@frettabladid.is



Eimskip rekur Herjólf í dag.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRÍÐRIKSSON

Ferðum Herjólf verði fjölgað

SAMGÖNGUR Jón Gunnarsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, og Elliði Vignisson, bæjarstjóri í Vestmannaeyjum, stefna á að undirrita samning þann 1. desember næstkomandi um að bærinn taki við rekstri Herjólf. Undirrituð hefur verið viljayfirlýsing þar sem helstu markmið samningsins koma fram. Meðal annars að skipið verði nýtt til siglinga lengur hvern sólarhring en nú er og fari allt að átta ferðir. Einnig að núverandi Herjólfur verði nýttur sem varaskip til ferjusiglinga í landinu eftir að nýr Herjólfur er kominn til landsins. Þá er gerð krafa um að rekstrarhagræðis verði gætt til hins ítrasta. – jhh

Kaupa hús á 256 milljónir

HAFNARFJÖRDUR Benedikt Jóhannesson, fjármála- og efnahagsráðherra, hefur undirritað kaupsamning fyrir hönd ríkisins við Hafnarfjarðarbæ um Suðurgötu 14 í Hafnarfirði, þar sem ríkisskattstjóri var áður með starfsemi.

Um er að ræða tæplega 1300 fermetra húseign og hyggst Hafnarfjarðarbær nýta húsnæðið fyrir vinnustað og þjónustu fyrir fatlað fólk, auk annarrar starfsemi sem rúmast getur í húsinu.

Kaupverð eignarinnar er 256 milljónir og verður húsnæðið afhent 1. nóvember. – jhh

KOSNINGAKAFFI

Verið velkomin í kosningakaffi Miðflokksins á höfuðborgarsvæðinu, Fákshemilínu í Víðidal kl. 10-17 í dag. Íslenski hesturinn verður á svæðinu og börn geta farið frítt á bak.

KOSNINGAVAKA

Allir velkomnir á kosningavöku Miðflokksins á Icelandair Hotel Reykjavík Natura frá kl. 20:30.

KOSNINGASKRIFSTOFUR

Reykjavík

Fákshemilínu í Víðidal, JL-húsinu og Hafnarstræti 19, kl. 10-17.

Suðvesturkjördæmi

Bæjarhrauni 8, Hafnarfirði, kl. 10-18.

Suðurkjördæmi

Eyravegi 15, Selfossi, kl. 10-18.

Kosningavaka frá kl. 20.

Hafnargötu 60, Reykjanesbæ, kl. 10-18.

Kosningavaka frá kl. 20.

Brúin Grindavík, kl. 12-18.

Norðausturkjördæmi

Tryggvabraut 24, Akureyri, frá kl. 10.

Tjarnarbraut 21, Egilsstöðum, frá kl. 10.

Norðvesturkjördæmi

Stillholti 23, Akranesi, kl. 12-22.

AKSTUR Á KJÖRDAG

Miðflokkurinn býður upp á akstur á kjörstað:

Höfuðborgarsvæðið – s: 664 0950

Suðurkjördæmi

Reykjanesbær – s: 837 7500

Selfoss – s: 662 5599

Norðausturkjördæmi

Akureyri – s: 837 6500

Egilsstaðir – s: 868 3300

Norðvesturkjördæmi

Akranes – s: 892 2879





7 ára ábyrgð á öllum
nújum Kia bílum

www.kia.com

Ferðastu á fyrsta farrými



SORENTO



The Power to Surprise

Ríkulegur kaupauki fylgir Kia Sorento

Kia Sorento er kraftmikill, rúmgóður og hlaðinn spennandi aukabúnaði og tæknilausnum. Honum fylgir kaupauki að verðmæti **400.000 kr.**, **vetrarpakki** sem fleytir þér í gegnum mestu skaflana eða **Arctic Edition pakki**, sem kemur þér alla leið upp á topp. Kia Sorento er fáanlegur í 5 og 7 sæta útgáfum og honum fylgir að sjálfsgöðu 7 ára ábyrgð.

Komdu og kirtu í pakkann þinn. Við tökum vel á móti þér.

Verð frá **7.190.777 kr.**

Mánaðarleg afborgun **57.777 kr.***

Kia Sorento – 2,2 dísil, sjálfskiptur og 4WD

*m.v. 50% útborgun og lán í 84 mánuði með 7,75% vöxtum og árlegri hlutfallstölu kostnaðar 9,29%.

ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Kia á Íslandi.

f Fylgdu okkur á Facebook.
facebook.com/kiamotorsisland

Nýbirt skjöl um JFK valda vonbrigðum

Stór hluti þeirra skjala er varða morðið á John F. Kennedy voru birt í fyrrinótt. Nokkrum hluta skjalanna var haldið eftir á grundvelli þjóðarhagsmuna og þjóðaröryggis. Lítið kemur fram í skjölunum sem bendir til samsæris og skjölin staðfesta ekkert í þeim efnum.

Pórgnýr Einar Albertsson
thorgnyr@frettabladid.is



BANDARÍKIN Óhætt er að segja að þau skjöl sem tengjast morðinu á John Fitzgerald Kennedy, 35. forseta Bandaríkjanna, sem birt voru í fyrrinótt hafi ekki staðfest framburð þeirra sem aðhyllast samsæriskennningar um andlát forsetans. Donald Trump Bandaríkjaforseti hafði kynt undir þá elda undanfarna daga, allt frá því fulltrúadeild þingsins samþykkti fyrir stuttu að öll óbirt skjöl skyldi birta er tengjast morðinu.

Bandaríkjaforsetinn núverandi þurfti þó að sætta sig við að halda allnokkrum skjölum leyndum, í það minnsta í bili, eftir þrýsting frá CIA, FBI og innanríkisráðuneytinu. Var talið að þau skjöl gætu skaðað þjóðarhagsmunum og ógnað þjóðaröryggi. Til stendur að endurskoða birtingu skjalanna óbirtu innan hálfis árs.

Kennedy var, eins og frægt er orðið, myrtur þann 22. nóvember árið 1963 þegar hann ferðaðist um stræti Dallas í Texas í opnum bíl. Var hann skotinn til bana.

Komst rannsóknarnefnd, kennd við formanninn og forseta hæstaréttar Earl Warren, að þeirri niðurstöðu að Lee Harvey Oswald hafi verið banamaðurinn. Hann hafi skotið Kennedy til bana úr nærstaddri byggingu og staðið einn að morðinu.

Bandarískir fjölmiðlar gerðu sumir hverjir afar lítið úr birtingu skjalanna. „Enginn mun muna í framtíðinni hvar hann var þegar hann heyrði af því sem kom fram í skjölunum um morðið á JFK er birt voru árið 2017,“ sagði í frétt CNN.

Enn fremur sagði að atburðarásin sem leiddi til þess að hluti skjalanna var ekki birtur bendi frekar til samsæris en nokkuð sem kemur fram í hinum birtu skjölum.

Ekki er þó þar með sagt að ekkert áhugavert hafi komið fram í hinum nýbirtu skjölum. Meðal annars kemur þar fram að alríkislögreglunni hafi borist símtal þar sem lífi Oswalds var hótað á meðan hann var í haldi. Ekki er vitað hver hringdi en næturklúbbseigandinn Jack Ruby myrti Oswald stuttu síðar. Í skjölunum kemur einnig fram að Ruby hafi verið á eftirlitslista FBI og hann hafi verið „undirheimamanneskja“.

» Breskur blaðamaður fékk ábendingu fyrir morðið um að stórfretta væri að vænta frá Bandaríkjunum.

Áhugaverðustu upplýsingarnar snúa hins vegar að því að mögulega hafi einhverjir haft vitneskju um morðið áður en það átti sér stað, þótt ekkert sé nálægt því að vera staðfest í þeim efnum.

Til að mynda segir í einu skjalinu frá því að breskur blaðamaður hafi fengið nafnlausu ábendingu um „stórfrettit frá Bandaríkjunum“ mínútum áður en Kennedy var myrtur.

Var blaðamaðurinn hvattur til þess að hringja í bandaríska sendiráðið í Lundúnum. Í öðru skjali segir frá viðtali við mann að nafni Robert C. Rawles, en þar kemur fram að hann hafi heyrt mann á



Opinber portretmynd Johns F. Kennedy, 35. Bandaríkjaforseta.

Flestir trúa samsæriskeningum

	Einn maður myrti JFK	Oswald var hluti af samsæri
Alls	33%	61%
Karlar	33%	62%
Konur	32%	60%
Hvítir	38%	56%
Spænskættaðir	22%	72%
Svartir	19%	76%
Háskólamenntaðir	42%	52%
Ekki háskólamenntaðir	33%	60%
Repúblikanar	36%	60%
Demókratar	36%	61%
Óháðir	24%	70%
18-34 ára	35%	60%
35-64 ára	31%	62%
65+	32%	60%
Trump-kjösendur	35%	61%
Clinton-kjösendur	38%	59%

krá veðja hundrað dölum á að Kennedy yrði myrtur innan þriggja vikna. Það samtal á að hafa átt sér stað viku fyrir morðið.

Eins og áður segir hafa yfirvöld alla tíð haldið því fram að Oswald hafi myrt Kennedy og að hann hafi verið einn að verki. Hann hafi ekki átt sér neina vitorðsmenn og ekki verið hluti af samsæri.

Í skjali sem er dagsett skömmu

eftir morðið á Oswald eru orð eignuð J. Edgar Hoover alríkislögreglustjóra sem benda til þess að hann hafi viljað kæfa hvers konar samsæriskennningar í fæðingu.

„Það sem ég vil leggja áherslu á, og aðstoðardómismálaráðherra líka, er að við þurfum að gera eitthvað til þess að sannfæra almenning um að Oswald hafi í raun og veru verið morðinginn.“

Öryggisíbúðir Eirar til langtíma leigu Grafarvogi Reykjavík



Nokkrar tveggja og þriggja herbergja vandaðar öryggisíbúðir Eirar til leigu í Grafarvogi, Reykjavík.

Eirborgir, Fróðengi 1—11, 112 Reykjavík.
Eirarhús, Hlíðarhúsum 3—5, 112 Reykjavík.

- Rólegt og notarlegt umhverfi með aðgengi að metnaðarfullri aðstöðu og þjónustu með það að markmiði að einstaklingurinn geti búið lengur heima.
- Öryggisvöktun allan sólarhringinn.
- Aðgengi að mótuneyti og félagsmiðstöð.
- Góðar gönguleiðir í nágrenninu.

Nánari upplýsingar í síma 522 5700 virka daga milli kl. 8 og 16 eða sendið fyrirspurn á netfangið skrifstofa@eir.is



Eir öryggisíbúðir ehf.
Hlíðarhúsum 7, 112 Reykjavík. ☎ 522 5700
milli 8:00 og 16:00 virka daga.

Helstu samsæriskennningar og ástæður

Fjölmargar kenningar hafa sprottið upp um að hinir ýmsu aðilar hafi látið myrða Kennedy og að Oswald hafi ekki verið þar einn að verki. Þykir sumum verksummerki benda til þess að annar byssumaður hafi verið á grasflöt sem Kennedy keyrði fram hjá þegar hann var myrtur. En þótt samsæriskenningsarnar séu margir eru þeir langt frá því að halda allir því sama fram. Business Insider tók saman nokkrar vinsælustu kenningarnar.

CIA-kenningin

Ýmsir trúa því að leyniþjónustan CIA hafi myrt Kennedy vegna ósættis við stefnu forsetans þegar kom að Kúbu og kommúnisma. Síðasta stráðið hafi verið þegar Kennedy neitaði að samþykkja að loftherinn myndi styðja hina misheppnuðu Svinaflóainnrás. Því hafi leyniþjónustan ráðið Oswald og hann tekið á sig sökina.

Mafiukenningin

Tengd kenning snýst um að CIA hafi í raun unnið með mafiunni að því að koma Kennedy fyrir kattarnef. Mafían hafi átt ríkra hagsmuna að gæta á Kúbu, hún hafi rekið þar spilavíti og stefna Kennedys hafi verið líkleg til þess að kosta mafiuna mikið fé. Samkvæmt Business Insider sýna gömul skjöl að mafían hafi áður unnið með CIA að því að reyna að ráða Fidel Castro af dögum og því ekki ómögulegt að hið sama hafi verið uppi á teningnum í Dallas árið 1963.

Kúbverjakenningin

Sumir trúa því að ekki hafi verið um risavaxið samsæri að ræða. Frekar hafi nokkrir Kúbverjar, í útlegð frá ættlandinu, álitid Kennedy vanhæfan vegna hinnar misheppnuðu Svinaflóainnrásar og myrt forsetann. Kennedy var sjálfur vinsæll á meðal kúbverskra flóttamanna í upphafi en vinsældir hans hurfu eftir innrásina.

Johnsonkenningin

Maðurinn sem hagnaðist mest á andláti Kennedys var varaforsetinn Lyndon B. Johnson og því ekki að furða að einhverjum hafi dottið í hug að varaforsetinn hafi látið myrða forsetann til þess að hirða sæti hans. Enn fremur hefur verið fjallað um að Johnson gæti hafa óttast svo mjög að hann yrði ekki með Kennedy í framboði árið 1964 og það hafi ytt honum yfir brúnina.



Nikita Krústjef, aðalritari Kommúnistaflokks Sovétríkjanna.

KGB-kenningin

Eins og allir vita var kalda stríðið á bullandi siglingu þegar Kennedy var myrtur. Helsti óvinur Bandaríkjanna, og þar með Kennedys, voru Sovétríkin. Því telja ýmsir að sovískir njósnarar, á vegum leyniþjónustunnar KGB, hafi ráðið Kennedy af dögum. Aðalritari Kommúnistaflokksins, Nikita Krústjef, hafi fyrirskipað morðið vegna þess að Kennedy hafi neytt hann til að fjarlægja langdrægar eldflaugar Sovétríkjanna sem komið hafði verið upp á Kúbu. Í skjölum gærdagsins kom meðal annars fram að Oswald hafi verið í samskiptum við KGB-menn áður en hann skaut forsetann til bana.

Gleðilegan kjördag!

Velkomin í kosningakaffi um land allt.

Reykjavíkurborgkjördæmi Kosningakaffi

lðnó, Vonarstræti 3, kl. 12-17

Akstur á kjörstað í síma
766 2388 og 862 8031

Suðvesturkjördæmi Kosningakaffi

Kópavogur: Auðbrekku 16, frá
kl. 14-17

Hafnarfjörður: Strandgötu 11,
frá kl. 14-17

Akstur á kjörstað í síma
869 1994

Suðurkjördæmi Kosningakaffi

Selfoss: Fishershúsinu,
frá kl. 13-22

Höfn: Miðtúni 11, frá kl. 14-17
Vestmannaeyjar: Arnardranga,
Hilmisgötu 11, frá kl. 14-17

Akstur á kjörstað í síma
662 0463

Norðvesturkjördæmi Kosningakaffi

Blönduós: Samstöðusalnum,
Þverbraut 1, frá kl. 10-22

Borgarnes: Brákarbraut, gengt
Landnámssetrinu, frá kl. 10 og
fram á kvöld

Sauðárkrúkur: Aðalgötu 15
Ólafshúsi, frá kl. 14 - 18

Ísafjörður: Edinborgarhúsinu frá
kl. 14-17

Akstur á kjörstað í síma
858 0805

Norðausturkjördæmi Kosningakaffi

Akureyri: Brekkugötu 7a frá
kl. 9-18

Kosningavaka á Kaffi Amor frá
kl. 21 og inn í nóttina

Húsavík: Salur stéttarfélaganna
Garðarsbraut 26
frá kl. 14-18

Hérað: Bókakaffi Fellabæ, frá
kl. 11-14

Seyðisfjörður: Í Öldutúni frá
kl. 11 og fram eftir degi

Neskaupstaður:
Kosningakaffi

í Slysavarnarhúsinu, kl. 14-18

Kosningavaka,
Valsmýri 5, frá kl. 21

Djúpivogur:

Kosningakaffi og
kosningavaka,

Hammersminni 2b, frá kl. 11

Akstur á kjörstað í síma
844 1555

Kosningavaka VG í Reykjavík verður í lðNÓ. Húsið opnar kl. 21.

DJ Andrea Jóns þeytir skífum á milli talna.

„Við Vinstri-græn viljum leiða næstu ríkisstjórn og tryggja pólitískan stöðugleika fyrir fólkið í landinu. Það er hægt. Gerum betur!“

Katrín Jakobsdóttir, formaður VG, 1. sæti Reykjavíkurborgkjördæmi norður

Kjósum nýja forystu!





#takkfyriraðveljamitsubishi



100 ÁRA AFMÆLISHÁTÍÐ MITSUBISHI

Verið velkomin á 100 ára afmælishátíð Mitsubishi í **HEKLU, Laugavegi, í dag frá kl. 12 til 16**. Á boðstólum verður gómsæt afmælisterta, kaffi frá Kaffitári, andlitsmálning fyrir krakkana og auðvitað nýjustu bílarnir frá Mitsubishi. Allir sem pósta mynd af sér og „afmælisbarninu“ merktri **#takkfyriraðveljamitsubishi** geta átt von á góðum glaðningi. Komdu og fagnaðu með okkur aldarafmæli eins vinsælasta bílaframleiðanda heims.

Hlökkum til að sjá þig!



FYRIR HUGSANDI FÓLK

Þorláki finnst kosningabaráttan hafa verið dauf

Af hverju kýstu utan kjörfundar? Ég er að fara úr bænum.

Kýstu alltaf það sama? Nei.

Hvað ræður atkvæði þínu núna? Það eru málefni, frambjóðendurnir sjálfir og traust, sambland af þessu öllu held ég. Ég hika ekki við að skipta milli flokka eftir því hvað mér líst best á hverju sinni.

Það þýðir ekkert að verða leiður á lýðræðinu.

Hvernig finnst þér kosningabaráttan hafa verið? Dauf. Það hefur vantað umræðu um málefni og lítið annað en upphrópanir og illa útfærðar hugmyndir. Það er auðvitað stuttur aðdragandi sem gerir þeim ekkert sérstaklega auðvelt fyrir en frambjóðendurnir, margir hverjir, hafa ekki hjálpað til, finnst mér.

Ertu orðinn leiður á að kjósa? Nei, nei, það þýðir ekkert að verða leiður á lýðræðinu.

Sigurður er full út í VG

Af hverju kýstu utan kjörfundar? Ég er að fara norður og kemst ekki á kjörstað.

Kýstu alltaf það sama? Nei. Ég hef kosið VG hingað til og ætla ekki að gera það aftur. Þeir stóðu sig ekki nógu vel þegar þeir komust í stjórn síðast.

Hvað ræður atkvæði þínu núna? Málefni og staðan í stjórnmalunum.

Hvernig finnst þér kosningabaráttan hafa verið. Allt í lagi, bara málefnaleg.

Ertu orðinn leiður á að kjósa? Já. Ég vil fara að sjá stöðugleika.

Sigurfríð Elin skiptir á rúmunum á kjördag

Af hverju kýstu utan kjörfundar? Ég var bara komin hingað og fint að nota ferðina.

Kýstu oft utan kjörfundar? Já, ég er svo oft uppi í sumarbústað.

Kýstu alltaf það sama? Já, alltaf.

Hvernig finnst þér kosningabaráttan hafa verið? Bara góð og málefnaleg.

Hvað ætlarðu að gera á kjördag? Ég veit það ekki, skipta á rúmunum eða eitthvað.

Hver heldurðu að verði sigurvegari kosninganna? Ég veit það ekki, mér finnst þetta orðinir alltof margir flokkar.



Flokkshollustan á undanhaldi

Blaðamaður Fréttablaðsins tók kjósendur tali í Smáralind í hádeginu í gær. Málefni ráða yfirleitt í kjörklefanum og flokkshollustan er sama og engin hjá viðmælendum blaðsins. Flestir í röðinni voru á leið úr bænum eða með lögheimili úti á landi.

FRÉTTABLAÐID/ERNIR

Guðrún fer óákveðin í kjörklefanum

Af hverju kýstu utan kjörfundar? Móðir mín var að koma til landsins og við ætlum á smá flakk saman, annars kys ég alltaf á kjörstað.

Kýstu alltaf það sama? Nei, ég er ekki flokksbundin á neinn hátt.

Var auðvelt að taka afstöðu? Nei, það réðst á lokametrunum.

Hvað ræður atkvæði þínu núna? Það eru persónur. Ég myndi helst vilja hafa persónukjör.

Hver verður sigurvegari kosninganna? Ég geri mér enga grein fyrir því. Ég held þetta verði mjög tvísýnt.

Ég er ekki enn ákveðin þótt ég standi hér í röðinni.

Hvernig finnst þér kosningabaráttan hafa verið? Mér finnst við hafa verið í kosningabaráttu í heilt ár. Mér finnst þetta bara búið að vera svolítið rugl. Maður hefur ekki getað opnað Facebook eða fréttamiðlana, það er stöðugt eitthvert vesen í gangi.

Hefurðu átt erfitt með að gera upp hug þinn? Já, mjög, ég er ekki enn ákveðin þótt ég standi hér í röðinni.

Viktor er að kjósa í fyrsta skipti

Af hverju kýstu utan kjörfundar? Ég er með lögheimili í Hveragerði en nenni ekki heim til að kjósa.

Hvað ræður atkvæði þínu núna?

Sjött maður, ég veit það ekki. Ég er að kjósa þá sem eru að segja það sem mér líkar best og hef heyrt góða hluti um.

Hver verður sigurvegari kosninganna? Ég hef ekki hugmynd.

Hvað ætlarðu að gera á kjördag?

Ég fer í á tónleika í Háskólabíói og fylgist svo örugglega eitthvað með kosningunum.

Bryndis kys eftir málefnum

Af hverju kýstu utan kjörfundar? Ég bý úti á landi og er bara stödd hér í bænum og nenni ekki heim til að kjósa.

Kýstu alltaf það sama? Nei.

Hver verður sigurvegari kosninganna? Ég veit ekki, það er hægt að skilgreina það á svo marga vegu.

Ertu orðin leið á að kjósa? Nei, nei, alls ekki.

Marínó er hundleiður á stjórnmalum

Af hverju kýstu utan kjörfundar? Ég geri það oftast hin seinni ár. Það er þægilegra og oft er maður að heiman.

Kýstu alltaf það sama? Nei, ég hef kosið allar sortir.

Enginn, það tapa allir held ég.

Hvað ræður atkvæði þínu? Það er misjafnt, en málefni klinka alltaf.

Ertu hættur að treysta stjórnmalunum? Já, maður veit eiginlega ekkert í sinn haus lengur.

Hvernig finnst þér kosningabaráttan hafa verið? Þetta er bara orðið svo alvanalegt og ekkert vit í pólitíkinni lengur.

Ertu orðinn leiður á að kjósa? Já, og leiður á stjórnmalum bara. Það kemur ekkert út úr þessu nema sviik.

Hver verður sigurvegari kosninganna? Enginn, það tapa allir á þessu held ég.

Agnes lætur heilbrigðismálin ráða í kjörklefanum

Af hverju kýstu utan kjörfundar? Ég bý úti á landi en er stödd hér í lotu í Ármúlanum.

Kýstu alltaf það sama? Nei.

Hvað ræður atkvæði þínu núna? Málefni og sérstaklega heilbrigðismálin.

Finnst þér auðvelt að átta þig á áherslum flokkanna? Nei, það var nú frekar erfitt og tók langan tíma, enda margir flokkar.

Hvernig finnst þér kosningabaráttan hafa verið? Bara róleg, ég hef ekki orðið vör við mikinn áróður.

Hvað ætlarðu að gera annað kvöld? Við förum í leikhús en fylgjumst svo örugglega með kosningunum.

Hver verður sigurvegari kosninganna? Sjálfstæðisflokkurinn, Vinstri græn og Samfylking sýnist mér Ertu orðin leið á að kjósa? Nei.

Nú er Nicorette® í nýjum pakkningum ...en er að öðru leyti alveg óbreytt

Núverandi útlit



Nýtt útlit



Lyfjatyggigúmmí

Munnholsúði

Munnsgöstöflur

Forðaplástur

Innsogslyf

Tungurótartöflur

Nefúði

Nicorette nikótínlyf (innihalda nikótín) eru notuð við tobaksfíkn. Þau draga úr nikótínþörf og fráhrarfseinkennum og auðvelda reykingamönnum að draga úr eða venja sig af tobaki. Lyfjatyggigúmmí skal tyggja rólega og láta liggja kyrrt í munnum öðru hverju. Innsogslyfi skal anda að sér í gegnum munnstykkið. Nefúða er úað í hvora nösina. Forðaplástur er settur á húð. Munnsgöstöflur eru látnar leysast upp í munni. Tungurótartöflur eru látnar leysast upp undir tungu. Munnholsúða skal úða í munn. Börn yngri en 15 ára mega ekki nota Nicorette og munnholsúðinn og munnsgöstöflurnar eru ekki ætlaðar yngri en 18 ára. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfnsins. Leiðið til læknis eða lyfjafráðsins þú ert að frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Glæsilegur

Hyundai Tucson

Fjór hjóladrifinn sjálfskiptur eða beinskíptur, bensín eða dísil



Nýr Hyundai Tucson er einstaklega fallegur, með sjálfskiptingu, framhjóladrifinn eða fjór hjóladrifinn með sparneytna bensín- eða dísilvél. Komdu og upplifðu gæði Hyundai í reynsluakstri á nýjum Hyundai TUCSON með fimm ára ábyrgð. Hyundai Tucson - 4wd, dísil, ssk. Verð frá 4.990.000 kr.

Hyundai | Kaupúni 1 | Sími 575 1200 | www.hyundai.is



Hyundai Tucson 2wd / Dísilvél 1,7 lítrar, 141 hestöfl, eldsneytisnotkun 4,9 l/100 km* / Bensínvél 1,6 lítrar, 175 hestöfl, eldsneytisnotkun 7,9 l/100 km*. Öllum Hyundai bílum fylgir 5 ára verksmiðjuábyrgð og ótakmarkaður akstur.

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

Ekki sjálfgefið



Hörður Ágísson
hordur@frettabladid.is

Það fylgir því ábyrgð að sækjast eftir völdum. Hluti af því er að boða ekki bólgin kosningaloford nema fyrir liggja skýr og trúverðug áætlun um hvernig eigi að efna þau. Á þetta hefur nokkuð skort í þeirri furðulegu kosningabaráttu sem landsmenn hafa orðið vitni að undanfarnar vikur. Ein alvarlegasta afleiðing þessa endurspeglast án efa í viðvarandi vantrausti almennings í garð stjórnmalastéttarinnar.

Sumir flokkar boða kúvendingu á þeirri stefnu sem hefur átt sinn þátt í því að tryggja efnahagsstöðugleika og um leið fordæmalaus kaupmáttaraukningu ráðstöfunartekna á allra síðustu árum. Hafa þeir talað skýrt fyrir tugmilljarða árlegri aukningu ríkisútgjalda sem myndi örva hagkerfið á toppi hagsveiflunnar og að lokum framkalla harða lendingu innan fæinna ára. Óljósara hefur hins vegar verið hvernig eigi að fjármagna þau glóruslausu kosningaloford nema þá aðeins að ekki standi til að hækka skatta á almenning.

Hér fer ekki saman hljóð og mynd. Það mun hrökkva skammt að ætla að sækja slíka fjármuni með hærri veiðigjöldum og sérstakri skattlagningu á ríkasta hóp samfélagsins. Við blasir, meini flokkarnir eitthvað með því sem þeir segja, að þeir verða aðeins sóttir með umtalsverðum skattahækkunum á millistéttina en skattheimta á Íslandi er nú þegar ein sú mesta meðal þróaðri ríkja. Því miður er sú skoðun ríkjandi hjá flestum stjórnmalaflokkum að eina svarið við kröfum ýmissa hópa í samfélaginu sé að hækka skatta og auka ríkisútgjöld. Reynslan sýnir hins vegar að slíkar leiðir hafa ekki reynst farsælar til að auka verðmæta-sköpun og þar með bæta lífskjör almennings.

Það hafa orðið umskipti á íslenska hagkerfinu á aðeins örfáum árum og hefur staða þjóðarþúsins aldrei verið sterkari en um þessar mundir. Freistnivandi stjórnmalá-manna, eins og kosningabaráttan hefur leitt í ljós, er iðulega mikill við slíkar efnahagsaðstæður. Þróun efnahagsmála frá því að haftaáætlun stjórnvalda var opinberuð fyrir tveimur árum hefur verið með ólíkindum. Lánshæfismat Íslands er komið í A-flokk, erlenda staðan hefur ekki verið betri frá því að mælingar hófust, vextir hafa lækkað og þá höfum við orðið vitni að áður óþekktum áhuga erlendra fjárfestingasjóða og fyrirtækja á því að fjárfesta í íslensku atvinnulífi. Þegar lítið er á helstu efnahagslegu mælikvarða þá er Ísland á pari við mörg stöndugustu ríki Evrópu. Núverandi hagvaxtarskeið verður líklega hið lengsta í lýðveldissögunni.

Framhaldið er þó ekki sjálfgefið. Með skynsamlegri stefnumótun og hagstjórn hins opinbera er útlit fyrir mjúka lendingu. Stærsta áskorun þeirrar ríkisstjórnar sem mun taka við eftir kosningar verður því að festa í sessi efnahagsstöðugleika síðustu ára og þannig skapa forsendur fyrir enn frekari lækun vaxta. Eigi það að takast þarf að tryggja stöðugleika á vinnumarkaði og reka ríkissjóð með myndarlegum afgangi. Verði hins vegar lagt upp í þá vegferð að stórauka ríkisútgjöld á komandi árum er hætt við því að það tækifæri renni okkur úr greipum og þess í stað taki við kunnuglegt stef úr íslenskri hagsögu. Verðbólga eykst með tilheyrandi hækkun verðtryggðra lána, gengi krónunnar fellur og vextir hækka. Hver svo sem úrlit kosninganna verða er það á ábyrgð þeirra sem taka við að glutra ekki niður þeirri einstöku stöðu sem Ísland stendur frammi fyrir.



Hver svo sem úrlit kosninganna verða er það á ábyrgð þeirra sem taka við að glutra ekki niður þeirri einstöku stöðu sem Ísland stendur frammi fyrir.

Gunnar



Mín skoðun Guðmundur Steingrímsson



Leiðbeiningar til kjósenda

Nú hef ég töluverða reynslu af svona stjórnmaladóti. Ég hef verið í næstum því öllum flokkum. Mér finnst ég því vera einstaklega vel til þess fallinn að birta yfirgripsmiklar leiðbeiningar til kjósenda á kjördag. Auk þess á ég afmæli í dag. Ég má því setja mig á háan hest og þykjast vita allt. Hér koma því nokkrir tölusettir liðir, vandlega ígrundaðir. Klippið út og geymið.

Eitt til fimm – Á kjörstað

Hegðun og framkoma á kjörstað er eilíft álitamál. Ég hef á þessu eindregnar skoðanir.

1. Ekki vera í sparifötum, en verið samt töff. Gott er að hafa sölgleraugu, því sölgleraugu gefa til kynna að ykkur sé hæfilega sama. Þau leyna líka tilfinningauppnámi gerist þess þörf.
2. Takið börnin með, ef þau eru fyrir hendi. Mútið þeim með sælgæti. Þetta er mjög mikilvægt. Þetta sýnir að þið hangid ekki í spjaldtölvu alla daga heldur eruð þið lýðræðislega meðvituð.
3. Ekki mæta fyrst á kjörstað. Það sýnir furðulega mikinn áhuga. Verið þá alla vega reidubúin með afsökun. „Ég er að fara á rjúpu.“ gæti dugað eða „ég ákvað að koma beint af djamminu“. Hvort tveggja er mjög töff.
4. Ef þið sjáid frambjóðendur á kjörstað þá haldið kúluna. Þið viljið ekki vera fólkið sem missir sig og hrópar „blessaður meistari!“. Þið eruð bara að sinna ykkar lýðræðislegu skyldu. Allir rólegir.
5. Ekki vera of stutt inni í kjörklefanum en samt ekki of lengi heldur. Tíu til fimmtán sekúndur er passlegt. Ekki vera manneskjan sem fær valkvíða í klefanum, byrjar að gúgla heimasíður flokkanna í símanum, brýtur blýið í stresskasti, stígur á sólgleraugun, rennur undan tjaldinu og þarf að fara á slyssavarðstofuna. Ekki töff.

Sex til níu – Ákvörðunin

Enginn veit auðvitað hvað er best að kjósa, þannig að hér koma nokkrar leiðbeiningar um það.

6. Ekki segja „þetta eru allt vitleysingar!“ Það er glatað. Sumir frambjóðendur eru vitleysingar, aðrir ekki. Það er geðveikislega þroskað, og þar með töff, að vera búin/n að átta sig á þessu.
7. Ekki kjósa þann sem lofar að gefa þér pening. Sá peningur kemur pottþétt á endanum frá ykkur sjálfum. (Nema auðvitað ef gaurinn er tilbúinn með peninginn núna strax, á kjörstað eða í nágrenni hans, þá kannski horfir það öðruvísi við, sérstaklega ef um verulega summu er að ræða. Frábært ef hann er til í að gefa börnunum líka. Vertu með sölgleraugun. Og biðu um að fá þetta í evrum eða dollurum.)
8. Ekki segja að þú skiljir ekkert í þessu. Kjóstu heldur þann flokk sem þú treystir best til að leiða öll þessu óskiljanlegu deilumál til lykta í sem mestri sátt og samlyndi.
9. Ekki lenda í rifrildi í kvöld við einhvern sem kaus eitthvað annað en þú. Þú vilt ekki vera týpan sem er rauð í framan inni í eldhúsi að eyðileggja partí. Talaðu frekar aldrei við manneskjuna aftur, eða – sem er betra – stofnaðu gervipersónu á Facebook og settu „leiður“ við allar færslur hennar í a.m.k. ár.

Lokaorð

Ef þetta endar allt saman illa og upp úr kjörkössunum koma ráðamenn sem eru gjörsamlega ónýtir, hugsa aldrei um hag almennings, gera ekkert annað en að ljúga og svikja alla daga og eru endalaust að rifast, þá er sú niðurstaða auðvitað ekki ykkur að kenna. Sérstaklega ef þið mættuð ekki einu sinni á kjörstað.

Það sér hver heilvita maður.

Eða ekki. Lifi lýðræðið og til hamingju með daginn kæra krúttlega rúsinurassa rifrildisþjóð. Munið að kjósa. Það kys enginn betur en þið.



Kjósum nýja forystu!





Sigmundur Davíð Gunnlaugsson
formaður Miðflokksins

SKÝR FRAMTÍÐARSÝN FYRIR ÍSLAND ALLT

Kraftur og þor til að fylgja henni eftir.

Miðflokkurinn – afl til efnda!

X-M

X M
MIÐFLOKKURINN

Síðasta púslíð í vörn Íslandsmeistaranna var sá besti

Valsmaðurinn Eiður Aron Sigurbjörnsson var besti leikmaður ársins í Pepsi-deildinni samkvæmt einkunnagjöf Fréttablaðsins og Vísis en útreikningum er nú lokið. Tveir Valsmenn voru í efstu sætunum en markakóngur deildarinnar var þriðji.

FÓTBOLTI Sumarið 2017 var sumar Valsmanna í Pepsi-deildinni og það þarf því ekki að koma neinum á óvart að margir leikmenn Íslandsmeistaranna séu meðal efstu manna í einkunnagjöf Fréttablaðsins og Vísis.

Valsliðið á ekki bara tvo efstu mennina, því liðið á fjóra leikmenn á topp tíu, sjö leikmenn á topp tuttugu og 45 prósent af liði ársins hjá Fréttablaðinu og Vísí.

Valsvörnin var öðrum fremur það sem lagði grunninn að fyrsta Íslandsmeistaratitli félagsins í tíu ár og tveir bestu leikmenn tímabilsins eru báðir í lykilhlutverkum í henni.

Miðvörðurinn Eiður Aron Sigurbjörnsson er leikmaður ársins en hann var með langhæstu meðaleinkunnina eða 6,93. Eiður Aron fékk sjö eða hærra í ellefu af fimmtán leikjum sínum og sýndi mikinn stöðugleika í sínum leik í allt sumar.

Eiður Aron er 27 ára gamall Eyjamaður sem spilaði síðast í Pepsi-deildinni sumarið 2014 með ÍBV-liðinu en hefur reynt fyrir sér í Svíþjóð (Örebro SK), Noregi (Sandnes Ulf) og Þýskalandi (Holstein Kiel) sem atvinnumaður. Eiður Aron byrjaði ekki tímabilið með Val en hann fékk félagsskipti frá þýska C-deildarliðinu Holstein Kiel 17. maí.

Notaði hann ekki í fyrstu

Eiður Aron lék sinn fyrsta leik með Val í Pepsi-deildinni á móti KA 18. júní en liðið hélt þá hreinu í 1-0 sigri. Ólafur Jóhannesson, þjálfari Vals, var þá búinn að bíða með hann á varamannabekknunum í þremur leikjum í röð án þess að setja hann inn á völinn.

Héldu miklu oft hreinu

Eiður Aron leit hins vegar ekki til baka eftir að honum var afhent byrjunarliðsætið og spilaði síðustu fimmtán leikina. Það má segja að besti leikmaður ársins sé síðasta púslíð í meistaravörninna hans Ólafs.

Valsliðið hélt einu sinni hreinu í fyrstu sjö leikjum án hans (14 prósent leikja) en sex sinnum hreinu í fimmtán leikjum með hann innanborðs (40 prósent).

Vinstri bakvörðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson varð annar í einkunnagjöfni í sumar en reynsluboltinn var aðeins 0,01 á undan markakónginum Andra Rúnari Bjarnasyni úr Grindavík. Þriðji meðlimur Valsvarnarinnar inn á topp tíu var miðvörðurinn Orri Sigurður Ómarsson sem var í áttunda sætinu en brimbrjóturinn á mið-



unni og helsti hjálparkokkur Valsvarnarinnar, Haukur Páll Sigurðsson, varð aftur á móti fimmti.

Sjö Valsmenn á topp 20

Það eru fleiri Valsmenn meðal efstu manna. Anton Ari Einarsson er efstur markvarða og miðjumaðurinn Guðjón Pétur Lýðsson er næsti maður inn á topp tíu. Miðjumaðurinn Einar Karl Ingvarsson, einn af óvæntu uppgötvunum sumarsins, er síðan sjöundi Valsmaðurinn inn á topp tuttugu.

Það eru fleiri minni titlar sem

menn tryggja sér. Eiður Aron er besti varnarmaðurinn, Grindvíkingurinn Andri Rúnar Bjarnason besti sóknarmaðurinn, Blikinn Gísli Eyjólfsson besti miðjumaðurinn og Valsmaðurinn Anton Ari Einarsson besti markvörðurinn.

Valsmaðurinn Bjarni Ólafur Eiríksson var besti gamli maðurinn (34 ára og eldri) en Fjölnismaðurinn Birnir Snær Ingason besti ungi leikmaðurinn (21 árs eða yngri). FH-ingurinn Steven Lennon var síðan besti erlendi leikmaður Pepsi-deildarinnar.

ooj@frettabladid.is

Nýjast

Domino's-deild karla í körfubolta

Þór Þorl. - Stjarnan 85-77

Stigahæstir: Jesse Pellot-Rosa 20, Emil Kárel Einarsson 19 (14 í seinni), Halldór Garðar Hermannsson 13 (7 stoðs.), Snorri Hrafnkellsson 11 - Arnþór Freyr Guðmundsson 18, Hlynur Bæringsson 16 (13 frák.), Collin Pryor 14, Egill Agnar Októsson 12.

Grindavík - Tindastóll 81-88

Stigahæstir: Rashad Whack 22/5, Dagur Kárel Jónsson 15, Ólafur Ólafsson 14, Þorsteinn Finnbogason - Antonio Hester 25 (13 frák.), Christopher Caird 19, Sigtryggur Arnar Björnsson 18, Pétur Birgisson 11 (9 frák./6 stoðs.). Þrjú sigrar í röð hjá Stólunum.

Stig liðanna

Efst		Neðst	
Tindastóll	6	Njarðvík	4
Keflavík	6	Grindavík	4
KR	6	Þór Ak.	4
ÍR	6	Þór Þorl.	2
Haukar	4	Valur	2
Stjarnan	4	Höttur	0

Helgin

Laugardagur:

- 11.15 Man Utd. - Tottenham Sport
- 13.50 Cardiff - Millwall Sport 2
- 13.50 Liverpool - Huddersf. Sport 2
- 16.00 Laugardagsmörkin Sport
- 16.20 Bournem. - Chelsea Sport
- 16.20 Njarðvík - Breiðablik Sport 2
- 16.25 Bayern - Leipzig Sport 3
- 17.50 F1: Timataka í Mexíó Sport 4
- 18.30 Sanderson Farms Golfst.
- 18.40 Bilbao - Barcelona Sport
- 03.00 LPGA í Malasíu Sport 4
- 03.00 WGC: HSBC Champ. Golfst.

Sunnudagur:

- 13.20 Brighton - Southamp. Sport
- 13.30 Browns - Vikings Sport 2
- 14.25 W. Bremen - Augsburg Sport 4
- 15.15 Girona - Real Madrid Sport 3
- 15.50 Leicester - Everton Sport
- 17.00 Patriots - Chargers Sport 2
- 18.00 Messan Sport
- 18.30 Formúla í Mexíó Sport 3
- 18.30 Sanderson Farms Golfst.
- 20.20 Redskins - Cowboys Sport 2

Landsleikur karla í handbolta:

14.00 Ísland - Svíþjóð Höllin

Domino's-deild kv. í körfubolta:

- 16.30 Haukar - Keflavík
- 16.30 Njarðvík - Breiðablik
- 16.30 Snæfell - Valur
- 19.15 Stjarnan - Skallagrímur



Hér má sjá fimm Valsmenn umkringja KA-manninn Almar Ormarsson. Allir fimm voru meðal 23ja efstu í einkunnagjöf Fréttablaðsins. Þeir eru Haukur Páll, Eiður Aron, Sigurður Egill, Bjarni Ólafur og Anton Ari. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON


Besti leikmaðurinn í Pepsi deild karla 2017:

(Lágmark að fá einkunn í 14 leikjum)

- Eiður Aron Sigurbjörnsson, Valur 6,93
- Bjarni Ólafur Eiríksson, Valur 6,65
- Andri Rúnar Bjarnason, Grindavík 6,64
- Gísli Eyjólfsson, Breiðablik 6,62
- Haukur Páll Sigurðsson, Valur 6,58
- Guðjón Baldvinsson, Stjarnan 6,58
- Steven Lennon, FH 6,55
- Gunnar Heiðar Þorvaldsson, ÍBV 6,50
- Orri Sigurður Ómarsson, Valur 6,50
- Hilmar Árni Halldórsson, Stjarnan 6,50
- Guðjón Pétur Lýðsson, Valur 6,43
- Birnir Snær Ingason, Fjölnir 6,41
- Sindri Snær Magnússon, ÍBV 6,40
- Kwame Quee, Víkingur Ó. 6,40
- Anton Ari Einarsson, Valur 6,36
- Pablo Punyed, ÍBV 6,33
- Christian Martinez, Víkingur Ó. 6,33
- Atli Arnarsson, ÍBV 6,33
- Einar Karl Ingvarsson, Valur 6,29
- Hallgrímur Mar Steingrímss., KA 6,29
- Þórður Þorsteinn Þórðarson, ÍA 6,29
- Baldur Sigurðsson, Stjarnan 6,27
- Sigurður Egill Lárússon, Valur 6,24
- Haraldur Björnsson, Stjarnan 6,22
- Dion Acoff, Valur 6,20
- Damir Muminovic, Breiðablik 6,18
- Daniel Laxdal, Stjarnan 6,17
- Alex Freyr Hilmarss., Víkingur R. 6,14
- Jósef Kristinn Jósefss., Stjarnan 6,14
- Kristijan Jajalo, Grindavík 6,14



Gísli Eyjólfsson var besti miðjumaðurinn.



Birnir Snær Ingason var besti ungi leikmaðurinn.



Steven Lennon var besti erlendi leikmaðurinn.

CR-V

HONDA
The Power of Dreams

Drifkraftur Já og miklu meira



Honda CR-V Elegance Navi
4x4, bensín, sjálfskiptur kr. 5.590.000
4x4, dísil, sjálfskiptur kr. 5.990.000



www.honda.is

Við lögðum af stað með meira. Meira pláss til að gera góða hluti, eiga góða daga, meira af góðum ferðum. Meiri bíl til að treysta á, aflmeiri, hagkvæmari, sparneytnari. Meira af því sem við gerum vel - gert enn betur.
Já, og meira fyrir peninginn.



Vatnagörðum 24-26 • 104 Reykjavík • Sími 520 1100 • www.bernhard.is

Umboðsaðilar: Bernhard, Reykjanesbæ • Bílver, Akranesi • Höldur, Akureyri • Bragginn, Vestmannaeyjum

4 DAGA RÝMINGAR

á völdum vörum

30-80% AFSLÁTTUR



50%
AFSLÁTTUR

WILMA

Borðstofustóll.
Slitsterkt, grátt áklæði.

5.995 kr. -11.990 kr.



70%
AFSLÁTTUR

DIMA

Borðstofustóll. Grátt og ljósgrátt
áklæði með viðarlitum fótum.

5.997 kr. -19.990 kr.



40%
AFSLÁTTUR

CAMEO

Þriggja sæta sófi. Slitsterkt rautt áklæði.
Stærð: 222 x 88 x 88 cm

**89.994 kr.
-149.990 kr.**



40%
AFSLÁTTUR

LOWELL

Eikar borðstofuborð.
Stærð: 90 x 167 x 75 cm.

29.994 kr. -49.990 kr.

EIFFEL

Eldhústólarnir vinsælu. Fáanlegir gráir, hvítir, svartir og
rauðir með krómfótum og hvítir og gráir með
svörtum fótum.



50%
AFSLÁTTUR

Svartir fætur

4.995 kr. -9.990 kr. -11.990 kr.

Krómfætur

5.995 kr.

Reykjavík 10 – 18 virka daga
Bíldshöfði 20 11 – 17 laugardaga
13 – 17 sunnudaga

Akureyri 10 – 18 virka daga
Dalsbraut 1 11 – 16 laugardaga

www.husgagnahollin.is
558 1100

SALA



FYRSTUR KEMUR
FYRSTUR FÆR

Lýkur á
morgun
sunnudag

41%
AFSLÁTTUR



DEVON
Svefnsofi.
Svartur, brúnn og antrazit

2ja: 174 x 86 x 82 cm
69.990 kr.
~~119.990 kr.~~

50%
AFSLÁTTUR



ACURA
Borðstofustólar. Dökkgrátt áklæði
og svartir stálfætur.
17.995 kr. ~~35.990 kr.~~

40%
AFSLÁTTUR



TUB
Hægindastóll. Dökkgrár, dökk-
rauður eða dökkblár.
29.994 kr. ~~49.990 kr.~~



80%
AFSLÁTTUR

OBVIOUS
Borðstofuborð úr stáli með glærri
glerplötu. Stærð: 80 x 80 x 45 cm

11.998 kr. ~~59.990 kr.~~

CASTELLO
Borðstofuborð.
Ómeðhöndluð
eik.
100 x 240 cm.

72%
AFSLÁTTUR

49.990 kr.
~~179.990 kr.~~



80%
AFSLÁTTUR

DETROIT
Hátt, langt og grunnt servings-/
veggborð úr möttu stáli Platan er
þykk og er í möttu, brúnu marmar-
ramynstri. Stærð: 120 x 40 x 75 cm

33.998 kr. ~~169.990 kr.~~

FRÉTTABLAÐIÐ HELGIN

Hvar er besta kosningavakan?



Þórhildur Sunna Ævarsdóttir Pírati

„Við verðum á efstu hæð Perlungar með útsýni yfir allan bæinn. Gólfíð snýst!

Svo erum við bara í næsta húsi við svalasta viðburð mánaðarins #ávökunni og þar á vissulega við að bæði er betral“



Logi Einarsson Samfylkingu

„Þegar flokkur tvöfaldar þingmannafjöldann sinn þá heldur hann langbestu kosningavökuna. Eða eins og Stuðmenn sögðu í den: smá wild en samt snyrtilegt!“



Sigmundur Davíð Gunnlaugsson Miðflokkurinn

„Kosningavaka Miðflokksins verður best vegna þess að þar munu koma saman vinir sem hafa unnið saman að risastöru en skemmtilegu verkefni og hittast til að fagna því sem búið er að gera og láta sig hlakka til þess sem tekur við.“



Inga Sæland Flokkur fólksins

„Hjá okkur er bjartsýni og bros.“



Lilja Alfreðsdóttir Framsóknarflokkurinn

„Hjá okkur, því við erum svo svakalega skemmtileg!“



Bjarni Benediktsson Sjálfstæðisflokkurinn

„Við verðum á Grand hóteli frá kl. 21, eins og í fyrra. Það var frábær stemning þar, mikill fjöldi stuðningsmanna sem mætti og við gerum ráð fyrir að endurtaka leikinn og fylgjast saman með tölum eitthvað inn í nóttina.“



Óttarr Proppé Bjartri framtíð

„Við verðum með besta karaókið og vegan bruschettur. Nett.“



Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir Viðreisn

„Hjá okkur af því að ég ætla að panta drykkina og stjórna tónlistinni.“




Katrín Jakobsdóttir VG

„Okkar fólk er óþreptandi partyljón. Gengi í kosningum skiptir engu máli, það er jafnvel meira stuð þegar illa gengur. Ég hef orðið vitni að ýmsum óvæntum uppkomum enda gengið í gegnum margar kosningar.“

Stærstu kosningavökurnar

Kosningavökur eru haldnar víða á höfuðborgarsvæðinu. Formenn flokkanna eru sannfærðir um að mesta fjórði sé á þeirra eigin vöku.



Um helgina

BYRJAR Á JÓMFRÚNNI

Bókin mín Aftur & aftur var að koma í búið og ætli ég fari ekki og heilsu aðeins upp á hana. Ég hitti alltaf frændfólk mitt á laugardagsmorgnum á Jómfrúnni og mun hiklaust byrja kjördag þar. Um kvöldið ætla ég í kosninga-partý í Vesturbænum.



LESID

Nýja ljóðabók Dags Hjartarsonar, Heilaskurðaðgerðin.

HEILASKURÐAÐGERÐIN




FER Í HREKKJAVÖKUPARTÍ

Um helgina ætla ég að fara á fjölskyldutónleika í Þjóðleikhúsinu í tilefni af stórafmæli Ólafs Hauks Símonarsonar og í Hrekkjavökupartý þar sem öllu verður til tjaldað! – Rósa María Árnadóttir, blaðamaður á Glamour

KLAPPIÐ

Baktusi, fastagesti á Stofunni kaffihúsi.



HORFIÐ

Á næsta þátt af Leitinni að upprunum í stjórn Sigrúnar Óskar. Þvílíkar sögur, þvílíkt líf.

KLÆDIR SIG UPP

Ég ætla að sjálfsgöðu að fylgjast með og fagna niðurstöðum alþingiskosninga af krafti. Kosningahelgar hafa alltaf verið mikil hátíð hjá mér þar sem ég klæði mig upp á og geri vel við mig í stórum hópi fólks en í þetta skiptið er aðfaranótt sunnudags sérstaklega mikilvæg uppskeruhátíð allrar fjölskyldunnar. – Snærós Sindradóttir stjórnandi KrakkaRÚV.



NISSAN INTELLIGENT MOBILITY



Innovation
that excites



NÝR NISSAN X-TRAIL

FJÓRHJÓLDADRIFINN, SJÁLFSKIPTUR, DÍSIL, 177 HESTÖFL
VERÐ FRÁ: 5.590.000 KR.

HANNAÐUR FYRIR SAMHELDNAR FJÖLSKYLDUR

Stórkostleg fjölskylduævintýri kalla á stórvirk farartæki. Í nýjum Nissan X-Trail með kraftmikilli 177 ha dísilvél, i4x4 X-Tronic sjálfskiptingu, 380 NM togkrafti og allra nýjustu tækni er lítið mál að vera með þunga hluti í eftirdragi. Hugsaðu stórt og keyrðu á fullum krafti.



Intelligent 4x4



177 hestafla vél

OPIÐ Í DAG FRÁ 12-16

GE bílar
Reykjanesbæ
www.gebilar.is
420 0400

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bilaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhófa 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



Þegar búið er að telja atkvæðin

Skýrar reglur gilda um hvernig skal greiða atkvæði og hvað tekur við þegar búið er að telja öll atkvæðin. Hvaða flokkar fá þingmenn og í hvaða kjördæmum.

Fréttablaðið ákvað að líta á hvaða útreikningar búa að baki þingsætunum.

Jóhann Óli Eiddsson
johannoli@frettabladid.is



Í dag er kjördagur og minna en ár liðið frá síðustu þingskosningum. Þrátt fyrir að kosningar séu hér nú nánast árlegur viðburður ákvað Fréttablaðið að fara yfir ýmsa praktíska hluti varðandi kosningarnar. Meðal þess sem tæpt verður á er hvernig þú tryggir að atkvæði þitt sé gilt og hvernig þingsætum er úthlutað.

Á sjötta tímanum í dag er skipt um kjörkassa í kjördeildum landsins. Fyrri kössunum er skutlað á talningastaði áður en kjörfundi lýkur og talningarfólk vinnur baki brotnu við að tryggja að fyrstu tölur liggi fyrir skömmu eftir að kjörstöðum verður lokað. Snemma í fyrramálið ættu lokatölur á landinu öllu að liggja fyrir.

En þó að atkvæðafjöldi allra flokka liggi fyrir þá er ennþá eftir að deila þingsætum niður á þá „þannig að hver samtök fái þingsmannatölu í sem fyllstu samræmi við heildaratkvæðatölu sína“. Tilvitnunin er úr 31. gr. stjórnarskrár Íslands en í henni er kveðið á um kjördæmaskipan og úthlutun þingsæta. Greinin er eitt þeirra ákvæða stjórnarskrárinnar sem hvað oftast hefur tekið breytingum. Því var síðast breytt árið 1999 til núverandi horfs. Með breytingunni var veitt heimild til að ákveða kjördæmaskipan með almennum lögum.

Kjördæmi landsins eru alls sex en núverandi kjördæmaskipan hefur verið við lýði frá árinu 2003. Með breytingunum var stefnt að



FYRRI KÖSSUNUM ER SKUTLAÐ Á TALNINGASTAÐI ÁÐUR EN KJÖRFUNDI LÝKUR OG TALNINGARFÓLK VINNUR BAKI BROTNU VIÐ AÐ TRYGGJA AÐ FYRSTU TÖLUR LIGGI FÜR SKÖMMU EFTIR AÐ KJÖRSTÖÐUM VERÐUR LOKAÐ.

því að jafna atkvæðavægi en fyrir breytingarnar gat atkvæði Vestfirðings vegið allt að fjórfalt meira en atkvæði Reyknesings. Nú er kveðið á um að séu kjósendur á kjörskrá að baki hverju þingsæti helmingi færri í einu kjördæmi en öðru skuli færa þingsæti á milli kjördæmanna. Þetta hefur í tvígang gerst. Í bæði skiptin fjölgaði þingmönnum Suðvesturkjördæmis á kostnað Norðvesturkjördæmis.

Einn jöfnunarmaður er í hverju landsbyggðarkjördæmi en tveir í Reykjavík og Kraganum. Í Norðvestur eru alls átta þingmenn, tíu í Suður- og Norðausturkjördæmi. Ellefu þingmenn eru í hvoru Reykjavíkurkjördæmi og að endingu eru þrettán í Suðvestur.

Úthlutun kjördæmissætanna

Í fyrstu er kjördæmiskjörunum þingmönnum úthlutað í hverju kjördæmi fyrir sig. Það er gert með svokallaðri D'Hondts-reglu. Sú regla er einföld og hefur verið notuð hér á landi nær alla tíð.

Reglan er afar einföld. Deilt er í atkvæðatölur framboðanna, fyrst með 1, síðan með 2, því næst með 3 o.s.frv. Gengið er á allar útkomutölurnar og sætum úthlutað þar til kjördæmissætin eru tæmd. Séu tvö framboð jöfn skal varpa hlutkesti til að ákvarða í hvaða röð þau hljóta þingsæti.

Til skýringar höfum við búið til Þykjustuland. Landið skiptist í þrjú kjördæmi, Landsbyggðina, Platbæ og Þykjustubæ. Íbúar landsins eru fyrirmyndarkjósendur. Allir mæta á kjörstað, enginn gerir ógilt og þetta árið skilaði enginn auðu. Hér sjáum við lokatölur úr stærsta kjördæminu, Landsbyggðinni, en í því eru sjö kjördæmisþingmenn.

	X	Y	Z
Atkvæði	2150	3000	1500
Deilt með 2	1075	1500	750
Deilt með 3	716,67	1000	500
Deilt með 4	537,5	750	375
Deilt með 5	430	600	300

Y-listi nýtur meistar hylli kjósenda og fær hann því fyrsta mann kjördæmisins. Síðan kemur fyrsti maður X-lista. Hluta þarf til um hvort Y eða Z fær þriðja manninn. Sama gildir um síðasta manninn (ljósari liturinn).

Útreikningur og úthlutun jöfnunarsæta

Ákvörðun jöfnunarsæta hefur í gegnum tíðina reynst mörgum öllu erfiðari viðureignar. Ákvörðun þeirra er tvíþætt, fyrst þarf að ákvarða hvaða framboð fá jöfnunarsæti og í hvaða röð. Því næst er ákveðið í hvaða kjördæmum þau fá sætin. Við úthlutun jöfnunarsæta þarf framboð að hafa hlotið minnst fimm prósent atkvæða á landsvisu.

Hins vegar er ekkert sem útilokar að framboð geti náð kjördæmakjörunum manni þó það nái ekki yfir fimm prósent þroskuldinn.

Við heildarskiptingu jöfnunarsæta er D'Hondts-reglan brúkuð á nýjan leik. Heildaratkvæðatölu hvers flokks er deilt með þeim heiltölum sem koma í kjölfar á fjölda kjördæmissæta flokksins. Útkomur deilinganna eru kallaðar **landstölur**.

Tölur úr öllum kjördæmunum þremur liggja fyrir og búið er að hluta um síðasta mann Landsbyggðarinnar. Var það Z-listi sem vann hlutkestið. Í Fyrirmyndarlandi eru fjórir jöfnunarpingmenn, tveir á Landsbyggðinni en einn í hvorum bæ. Hér að neðan sjást landstölurnar.

	X	Y	Z
Kjördæmiskjörnir þingmenn	6	8	5
Heildaratkvæði á landsvisu	5426	6450	4774
1. landstala	775,14	716,67	795,67
2. landstala	678,25	645,00	682,00
3. landstala	602,89	586,36	596,75
4. landstala	542,60	537,50	530,44

Z-listi er með hæstu landstölun og fær því fyrsta jöfnunarpingmanninn. Þar á eftir kemur X-listi, þriðji jöfnunarmaðurinn fellur í hlut Y-lista og að endingu fær Z-listi annan jöfnunarmann. Þegar allt hefur verið talið fá X- og Z-listi því sjö þingmenn hvor en Y-listi endar með níu.

Þegar það liggur fyrir í hvaða röð flokkarnir taka sæti þarf að finna út í hvaða kjördæmi sætin falla. Það er gert með því að finna þann lista framboðsins þar sem atkvæðatöla er **hæst hlutfall af heildartölu gilda atkvæða** í hlutaðeigandi kjördæmi.

Jöfnunarsætin eru eitt í hverju landsbyggðarkjördæmanna en tvö í Reykjavík og í Kraganum. Þegar öllum jöfnunarsætum kjördæmisins hefur verið úthlutað kemur það kjördæmi ekki frekar til álita við slíka úthlutun.

Hér að neðan sjást hlutfallstölur hvers lista fyrir sig í kjördæmunum. Fyrsti jöfnunarmaðurinn fer til Z og fellur til þar sem hlutfallið er hæst.

	X	Y	Z
Landsbyggðarkjördæmi 1	10,777%	11,278%	7,519%
Landsbyggðarkjördæmi 2	8,083%	9,023%	5,639%
Platbær	10,540%	10,600%	12,960%
Þykjustubær	11,110%	8,000%	13,187%

Z fær sinn fyrsta mann í Þykjustubæ. Næst tekur X-listi mann. Þó hans hæsta tala sé í Þykjustubæ þá hefur Z-listi klárað jöfnunarmenn kjördæmisins. Því tekur X-listi fyrri jöfnunarmann Landsbyggðarinnar. Y-listi fær mann í Platbæ sem skilur Z-lista nauðugan eftir með seinni mann Landsbyggðarinnar. Skiptir ekki nokkru máli þó hinar tölurnar séu hærrí.

Hvernig tryggi ég að atkvæði mitt sé gilt?

Í hverjum kosningum gerist það að einhver atkvæði eru haldin göllum sem ógilda þau. Í kosningalögum er kveðið skýrt á um það hvernig skuli bera sig að í kjörklefanum.

- Kjósandi greiðir atkvæði með því að „marka með ritblýi kross í fering fyrir framan“ listabókstaf þess framboðs sem hann vill kjósa. Þá má hafna framboðendum þess lista með



því að strika yfir nöfn þeirra. Einnig má endurraða framboðendum með því að rita tölu-stafinn 1 fyrir framan nafn þess sem kjósandi vill hafa efst, 2 fyrir framan nafn þess sem hann vill hafa næst og svo koll af kalli.

- Öll önnur einkenni en þau sem nefnd eru hér fyrir framan ógilda atkvæðið. Algengar ástæður ógildingar eru til að mynda þær að einstakl-



ingur kys einn lista en strikar yfir framboðanda á öðrum lista. Slíkt má ekki. Þá má ekki merkja við flokk með broskalli, hjarta eða einhverju öðru tákni en krossi. Harðbannað er að rita nafn sitt á kjörseðilinn.

- Orðin „marka með ritblýi“ eru tekin nokkuð bókstaflega. Kjósanda er óheimilt að merkja við framboð með því að nota penna



og getur það ógilt kjörseðilinn.

- Kjörseðillinn kemur í ákveðnu broti og ber að setja hann í sama broti ofan í kjörkassann. Það að brjóta hann saman á annan veg getur ógilt atkvæðið.
- Þá eru myndatökur bannaðar inni í kjördeild og óheimilt er að dýr eða börn séu inni í kjörklefa þegar atkvæði er greitt.



Parftu aðstoðarmann?

Sé kjósandi ófær um að kjósa sjálfur á þann veg sem kveðið er á um í lögnum getur hann óskað eftir að meðlimur kjörstjórnar aðstoði hann eða hans eigin aðstoðarmaður. Heimilt er að veita slíka aðstoð sé kjósandinn „sjónlaus“ eða sé honum „hönd ónothæf“. Önnur tilvik, svo sem þroskaskerðing eða ólæsi, heimila ekki að kjósanda sé veitt aðstoð.

Í dag kjósum við fyrir okkur öll

Kosningarnar í dag eru mikilvægt tækifæri til að kjósa að byggja á þeim góða grunni sem við höfum skapað saman síðustu ár og halda áfram að bæta kjör allra. Þitt atkvæði skiptir máli.



D



Kristjana Björg
Guðbrandsdóttir
kristjana@frettabladid.is



Braust inn til viðskiptavinar

Þórarinn Ævarsson, framkvæmdastjóri IKEA, starfaði um árabíl hjá Domino's. Á árunum 1994 til 1995 var hann rekstrarstjóri keðjunnar og verslunarstjóri í Grensásútibúi. „Þá voru læti á næturnar. Það var opið hjá okkur til klukkan sex á morgnana en skemmtistaðir lokuðu klukkan 3. Það var snarvitlaust að gera hjá okkur frá klukkan þrjú til fimm á næturnar og það má segja að það hafi verið liflegur tími hjá pítsasendlum en líka í útibúunum. Fólk var að koma af djammínu og vildi fá sér pítsu,“ segir Þórarinn. „Sumir sendlanna lentu í alls konar ævintýrum. Það voru ber-rassaðar konur að biða eftir þeim í pottunum og svona,“ segir hann og skellir upp úr.

Þótt Þórarinn hafi verið rekstrarstjóri fyrirtækisins á þessum tíma sendist hann stundum með pítsur. Einn af tryggum fastakúnnnum fyrirtækisins pantaði oft pítsur eftir að hafa farið á ball og því miður henti það nokkrum sinnum að hann var sofnaður áfengisdauga þegar pítsusendillinn hringdi bjöllunni. „Ég ákvað bara að fara sjálfur með pítsuna, var kominn með nóg af þessu. Ég hringdi bjöllunni og auðvitað var ekkert svar. Þegar ég leit inn um gluggann hjá honum sá ég að hann liggur steinsofandi áfengisdauga. Þetta var á fallegu vorkvöldi og ég ákvað að brjótast inn til hans. Ég skreidd inn um glugga með pítsuna, skellti henni svo á borðið og vakti hann. Hann vaknaði með andfælum, greið, og varð fyrir algjöru áfalli. Var löngu búinn að gleyma því að hann hefði pantað sér pítsu. En það gerðist aldrei aftur að hann sofnaði eftir að hafa pantað sér pítsu,“ segir Þórarinn og skellir upp úr og viðurkennir að vissulega hafi þetta verið óvanalegt inngríp í líf viðskiptavinar.

Spegillinn í forstofunni

Þórarinn rifjar einnig upp atvik sem honum fannst fremur neyðarlegt. „Þekkt athafnakona og samkvæmis-ljón, sem hafði t.a.m. látið til sín taka í stjórn málu pantaði eitt sinn pítsu heim til sín í vesturbæ Reykjavíkur um miðjan dag. Einhverra hluta vegna vantaði sendla og ég skaut með pítsuna. Það var rólegt að gera, lítil umferð og var ég kominn heim til hennar innan við korteri eftir að hún pantaði. Hún hafði greinilega

Pítsusendlar segja frá

Pítsusendlar gægjast inn í líf fólks í gegnum þrönga dyragættina. Þeir fá að kynna öllum hliðum mannlífsins og lenda oft í spaugilegum aðstæðum. Nokkrir núverandi og fyrrverandi pítsusendlar segja sögur af ævintýralegum upptökum í sendiferðum.

ekki átt von á að sendillinn yrði þetta snöggur, því þegar hún kom til dyra var hún greinilega nýkomin úr sturtu. Hún var kviknakinn, en faldi sig á bak við hurðina þannig að hausinn á henni var það eina sem sást. Það sem henni hins vegar yfirsást var að það var stærðarinnar spegill í forstofunni, beint aftan við hana og hún hefði allt eins getað opnað hurðina upp á gátt, því ég var þarna óvænt í stúkusæti.“

Giftist systur sendilsins

„En svo gripa örlögin í taumana,“ segir hann frá. „Ég réð til mín sendil úr Dölunum, sveitadrengr sem var nýkominn til borgarinnar. Hann Ólvi Styrr, hann byrjaði nú á því að klessukeyra einn sendlabilinn. Hann var klesstur á öllum hliðum. Ég þurfti að ákveða hvort ég vildi hafa hann áfram í vinnu. Var nú ekki viss, en sá eitthvað í honum. Það var nú ágætt að ég

gerði

það. Hann er yfir öllum tölvumálum í IKEA í dag og einn minna nánustu samstarfsfélaga og vina. Fyrir utan það að ég giftist systur hans og á með henni þrjú börn,“ segir Þórarinn.

Eftir þessa frásögn er ekki annað hægt en að slá á Ólvi Styrr Sveinsson, yfirmann tölvumála hjá IKEA.

„Það eru svo margar sögur. Hausinn er fullur af þeim. Sumar eru reyndar ekkert myndar, heldur bara skelfilegar. Sérstaklega á þessum tíma sem var opið til klukkan sex á morgnana og maður var að mæta með pítsur til fólks í misjöfnu ástandi eftir djammíð. Svo var bara eftirpartí í útibúunum. Þau fylltust af fólki. Þetta var stemning sem er ekki lengur,“ segir Ólvi Styrr.

Hótuðu barsmiðum

Á þessum tíma fengu viðskiptamenn pítsuna fría ef hún var ekki komin innan þrjátíu mínútna. Nokkrir svartir sauðir í hópi viðskiptavina stunduðu það að teffa fyrir pítsasendlum. Ef þeir áttu heima á jarðhæð í háhýsi pöntuðu þeir samt pítsuna upp á tölfu hæð. Slökktu svo ljós-in í stigaganginum og svöruðu ekki dyrabjöllunni. Sumir reyndu meira að segja að setja upp vegartálma á götum borgarinnar til að teffa sendlana.

„Ólvi Sveinsson“
Ólvi Sveinsson
„Þá voru það þeir sem gripu til þess ráðs þegar þeir voru auralausir að segjast eiga inni fría pítsu frá eiganda fyrirtækisins. „Ég lenti oft í því að fólk hringdi og sagði að eigandi Domino's hefði sagt að það ætti að fá fría pítsu. Það

er frábært!“



HÚN VAR KVIKNAKINN,

EN FALDI SIG Á BAK VIÐ

HURÐINA ÞANNIG AÐ

HAUSINN Á HENNI VAR

ÞAÐ EINA SEM SÁST. ÞAÐ

SEM HENNI HINS VEGAR

YFIRSÁST VAR AÐ ÞAÐ VAR

STÆRÐARINNAR SPEGILL

Í FORSTOFUNNI, BEINT

AFTAN VIÐ HANA.

var auðvitað ekki í myndinni og þegar maður sagði fólki það fékk maður hótanir. Ég veit ekki hversu margir sögðust ætla að berja mig. Eigendur fyrirtækisins gáfu mér á endanum leyfi til að hreinlega skella á þetta óða fólk. Það fannst mér mjög gaman,“ segir hann.

12 mínútur

Eitt sinn tókst honum að senda viðskiptavini pítsu á tólf mínútum. „Við vorum með númerabirti og tölvukerfi sem tengdist númerum sem var hringt úr. Þannig sáum við heimilisföng fólks og síðustu pantanir. Þótti mjög framúrstefnulegt á sínum tíma. Ég tók upp símann, fletti upp númerinu. Er þetta Jón?

Já, svaraði hann. Ætlaðu að fá Domino's Classic og ískalda kók með? Já, svaraði hann forviða. Svo sleit ég bara símtalínu. Gerði pítsuna klára í ofn á einni mínútu. Ofninn funheitur og sjö mínútum seinna var ég lagður af stað með pítsuna. Hringdi dyrabjöllunni nákvæmlega tólf mínútum seinna. Jón kom til dyra og var eitt spurningamerki. Hann leit aftur fyrir sig á heimasímann sem hann hringdi úr og ég held hann hafi haldið að hann væri að missa sig. Ertu kominn? spurði hann gjörsamlega forviða.“

Tveggja bakka keppnin

Ólvi segir að eftir að hann klessukeyrði sendlabilinn hafi hann lagt allt kapp á að standa sig vel. „Ég fékk stöðuhækkun og varð pítsubakari. Það var lítið annað að gera en að verða fljórtari að gera pítsur en yfirmaðurinn. Um aldamótin fór ég til Bretlands að keppta í svokallaðri „Two-Tray Competition“. Þetta er semsagt keppni í pítsugerð. Og var hún með því sniði á þessum tíma að maður þurfti að fletja út fjórtán pítsur, sex 15" og átta 12" og sósa þær. Pítsurnar urðu að sjálfsögðu að vera fullkomnar. Ég fór út til Bretlands og keppti í þessu og varð í öðru sæti og komst með því í aðalkeppnina í Bandaríkjunum.

Þetta var mjög spennandi, aðalkeppnin var á furðulegum stað, Hilton hótelinu á Miami Beach, af öllum stöðum (James Bond, Goldfinger). Ég fór með honum Finnbirni Ólafssyni pítsumeistara (sem var þjálfari minn) og vorum við í æfingabúðum í viku áður en keppnin var. Allt frekar svona amerískt og skritið. Ég hafði nú svo sem lítið að gera í keppnina og man ekki betur en ég hafi verið síðastur, en metið mitt var nú samt sem áður að gera þessar fjórtán pítsur á 2 mínútum og 34 sekúndum. Gaurinn sem vann var undir 2 mínútum, minnir mig, og vann 10 þúsund dollara og fékk svo Ferrari í bónus.“

Það sem ekki var sótt.

Ólvi og Þórarinn tóku upp á því að gefa pítsur sem ekki voru sóttar eða gerðar fyrir mistök niður á lögglustöð. „Þetta byrjaði sem brandari því einhvern tíma var sendill eða tveir hirtir fyrir að keyra óvarlega. En kannski átti ég svolítið sök á þessu því hann stjóri minn vann á umferðardeild og var oft á næturvöktum. En umferðardeildin varð fljótt feit og pattaraleg þannig að við tókum upp þá óskrifuðu reglu að gefa þessar pítsur á spítala, slökkvistöðvar og lögglustöðvar út um allt höfuðborgarsvæðið. Veit svo sem ekki hvort þetta er gert enn þann dag í dag en út frá þessu tókum við upp þá reglu að senda tveir fyrir einn tilbodnið á þessa sömu staði og veit ég að þessi óskrifada regla gildir enn í dag hjá Domino's Pizza sem er frábært!“



NÝR FIESTA



FRUMSÝNING

Í DAG KL. 12-16
REYKJAVÍK OG AKUREYRI

Nýr Ford Fiesta hefur verið endurhannaður frá grunni með gjörbreyttum framenda, rennilegum framljósum og straumlínulaga línunum eftir öllum bílunum. Opnaðu dyrnar á Fiesta og þú heillast af vandaðri innréttingunni. Einkenni Ford Fiesta eru ríkulegur staðalbúnaður, fimm stjörnu öryggi, hagstætt verð og lágur rekstrarkostnaður.

FORD FIESTA FÆST Í FJÓRUM ÚTGÁFUM:

Fiesta Trend frá 2.250.000 kr.

Fiesta Titanium frá 2.650.000 kr.

Fiesta Trend Edition frá 2.390.000 kr.

Fiesta ST-Line frá 2.890.000 kr.



Komdu og skoðuðu Ford Fiesta, fáðu þér ljúffenga samloku og djús og taktu þátt í leiknum okkar. Þú gætir unnið frí afnot af nýjum Ford Fiesta í eina viku eða unnið glæsilegan Ford varning.

ford.is



Öruggur staður til að vera á

Brimborg Reykjavík
Bíldshöfða 6
Sími 515 7000

Brimborg Akureyri
Tryggvabraut 5
Sími 515 7050

Nýir og notaðir bílar:
Söludeildir eru opnar alla virka daga kl. 9-17
og laugardaga kl. 12-16

Fór í óveðri út í Gróttuvita



Porvaldur hljóp af stað í fjöruna með pítsuna. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Porvaldur Kári Ingvaldsson trommari starfaði sem pítsusendill fyrir meira en áratug. „Ég var nýkominn með bílpróf og var mathákur. Vinir mínir unnu á Domino's í Ánanaustum þannig að starfsvalið var nokkuð ljóst fyrir átján ára ungling. Ég vildi keyra sem mest og hlusta á músík á meðan. Það gekk ágætlega vel að rata og ég átti auðvelt með að lesa á kort, þótt það hafi alls ekki verið þannig einu sinni,“ segir Porvaldur.

Porvaldi er sérstaklega minnisstæð sendiför eitt óveðurskvöld árið 2003. „Það kom inn pöntun myrkt vetrarkvöld þegar það hefði frekar átt að vera lokað vegna veðurs. Á lýsingunni á heimsendingarmiðanum stendur „húsið næst Gróttuvita“.

Þannig að ég legg af stað út í storminn á stuttermabolnum í bílinn og keyri eins langt og ég kemst að vitanum. Fer úr bílnum og sé ljós í húsunum næst vitanum en sé ekki inn þar sem það er slydda og ég nokkurn spöl frá.

Það er hvorki flóð né fjara þannig að það er hægt að komast út í Gróttu. Ég viðurkenni að ég hikaði

aðeins og hugsaði að þetta væri ekki eðlilegt en pítsan er heit og fólk svangt. Þannig að ég ákveð að hlaupa af stað í fjöruna með pítsuna.

Öldurnar gengu stundum yfir steinana og það frussaðist sjór og slydda yfir mig. En ég náði svo loks yfir og fór að leita að fólkinu í Gróttu. Ég byrja að banka á dyr á öllum húsunum þarna en það voru bara einhver útiljós þannig að ég fer að fatta að það var eitthvað bogið við þessa sendiför. Eftir að hafa reynt allar dyr þá fatta ég að það er kannski að koma flóð og ég gæti orðið fastur úti í Gróttu. Þá hleyp ég af stað til baka með pítsuna og ég upplifði það að sjórinn væri að koma nær og nær í myrkrinu en svo loks kemst ég í bilinn og svo beint niður í Ánanaust.

Þaðan hringdi ég í viðskiptavininn og mér var tjáð að þetta væri seinasta húsið áður en ég kæmi að staðnum þar sem ég stoppaði. Þá fattaði ég hvert förlinn var heitið og viðskiptavinurinn fékk að mér finnst ansi víðförla og lífsreynda pítsu í matinn.“

Beðinn um að skutla börnunum á æfingu



Einar Dagur hefur lent í óteljandi ævintýrum í sendiferðum sínum og hefur sungið fyrir viðskiptavini. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

Einar Dagur Jónsson stundar nám í klassískum söng og hefur starfað á pítsustöðum frá því hann var unglingur. Fyrst hjá Castello og nú hjá Eldsmiðjunni. „Ég sótti um og var strax spurður: Getur þú komið klukkan fimm í kvöld?“ Það má segja að upp frá því hafi ævintýrin hafist og Einar Dagur segir að fyrir alla þá sem hafi áhuga á mannlífi sé starf pítsusendilsins skemmtilegt. „Ég hef starfað við allt mögulegt er viðkemur pítsubakstri og líka þurft að sendast með pítsur. „Ég hef keyrt pítsu á Bessastaði, til Jóns Jónssonar sem tók á móti henni á nærbuxunum. Þá fór ég með tvær pítsur til fjallsins, Hafþórs Júlíussonar. Þær voru bara fyrir hann einan. Eftirminnileg er sendiferð með pítsur upp í sumarbústað til nokkurra stráka. Forritara sem voru þar við vinnu. Sumarbústaðurinn var afskekktur og ég þurfti að leggja á mig erfiði við að koma bíldrúslunni upp erfiðan veg þar sem þeir biðu eftir pítsunum sínum. Mér fannst þær aðstæður mjög myndnar. Þeim fannst ekkert að því að biða svona lengi eftir pítsunum eða að ég þyrfti að fara svona langt og erfitt ferðalag. Svo hef ég auðvitað sungið fyrir



ALLTAF SAGÐI HANN

ÞEGAR HANN TÓK VIÐ

PÍTSUNNI: „MAÐUR ER

EITTHVAÐ SVO LATUR AÐ

ELDA ...“.

viðskiptavin. Framkvæmdastjóri fyrirtækisins veit að ég er að læra óperusöng og þegar sonur hans átti afmæli mætti ég með pítsu og söng fyrir hann,“ segir Einar Dagur og tekur tónðæmi úr Rigoletto fyrir blaðamann.

Pítsusneiðin sem vantaði

„Einu sinni keyrði ég pítsu til konu

sem var með vinkunahópnum. Þær fengu sér rauðvín með pítsunum og þegar konan hafði greitt fyrir pítsuna spurði hún í fyllstu einlægni: Heyrðu, gætirðu skutlað krökkunum mínum á æfingu?“

Sumir viðskiptavinanna eru einstæðingar og Einar Dagur nefnir að þeim mæti hann af virðingu. „Ónefnd kona sem fær sér oft í glas á sunnudögum pantar sér oft pítsu. Hún bauð manni alltaf inn til sín. Vildi að maður fengi sér í glas með henni. Stundum gerði maður það í smástund, þá vildi hún tala um kettina sína.“

Svo eru sumir svo myndnir. Pítsur eru auðvitað góður matur. Einn góður kúnni pantaði sér pítsu fjórum sinnum í viku í fjögur ár. Og alltaf sagði hann þegar hann tók við pítsunni: „Maður er eitthvað svo latur að elda ...“.

Uppáhaldssaga Einars Dags er þó ekki hans eigin. „Hingað hringdi óánægður viðskiptavinur og tjáði okkur að það vantaði sneið í pítsuna. Menn skildu ekkert í þessu. Þangað til sendillinn kom. Hann þverneitaði að hafa snert á pítsunni en í síðu skegginu var hins vegar mikið af pítsusösu og mylsnu.“

Sendlinum hafnað á Tinder

Anna Friða Gísladóttir, markaðs- stjóri Domino's, settist niður með sendlum á vakt á vikunni og tók niður nokkrar nýlegar sögur sendla. Einnu sendlanna fannst eftirminnileg uppákoma hjá fjölskyldu í austurborginni. „Sendillinn fór í sendingu til konu sem var ein með tvær stelpur á aldrinum 6-7 ára. Hann rétti litlu stelpunni pítsuna og hún fer með hana inn í stofu alveg að missa sig úr spenningi. Á meðan mamma þeirra er að borga kemur yngri stelpa hágrenjandi fram og segir að systir hennar hafi prumpað á pítsuna og stóra systir hennar náttúrulega að deyja úr hlátri í stofunni,“ segir Anna Friða og segir frá öðrum sendli sem varð alveg gapandi forviða í sendingu um daginn. „Hann mætti á staðinn. Stelpa opnar hurðina og segir strax: Biðdu, hef ég ekki séð þig einhvers staðar áður? Hann segist ekki kannast við hana og réttir henni pítsuna. Hún borgar og á meðan posinn biður samþykkis er stelpa að velta vöngum. Svo segir hún: Jú, heyrðu. Núna man ég eftir þér. Ég var að segja nei við þig inni á Tinder áðan,“ segir Anna Friða frá og segir sendilinn varla hafa vitað hvort hann ætti að hlæja eða gráta þegar hann var sestur í bílinn.

„Ég skal fara í buxur!“

Þá minnst Anna Friða á reynslu sendils sem lenti í því að nakinn



Anna Friða með þrautseigum sendlum og starfsfólki. FRÉTTABLAÐIÐ/EYÞÓR

maður kom til dyra. „Hann bankaði og það kom maður á typpinu til dyra. Sendlinum leist ekki á blikuna og gekk í burtu en sneri svo við þegar nakti maðurinn kallaði á eftir honum: Ég skal fara í buxur, ég skal fara í buxur!“

Sendlar lenda stundum í uppátækjum krakka. Anna Friða segir af sendli sem fór með sendingu í einbýlishús í Ásunum. Þrjú guttar, um tíu ára gamlir, komu til dyra. Segja sendlinum að biða og hlaupa svo allir inn. Stuttu seinna opnast þakglugginn og einn þeirra prilar út á bílskúrspakið og hinir byrja að ýta stórrí stálkistu (kistan var álika stór

og þeir sjálfir) á eftir honum. Það tók þá alveg þó nokkrar tilraunir að koma henni út, en að lokum koma þeir allir saman að þakbrúninni og láta kistuna síga niður í reipi. Þeir segja sendlinum að það séu peningar í kistunni og biðja hann að setja pítsuna þar ofan í. Síðan draga þeir kistuna aftur upp og prila inn um gluggann með hana og eftir stóð sendillinn gapandi. Þessi sami sendill fór aftur í sendingu á sama heimilisfang nokkru seinna. Konan sem kom til dyra sá hann gjóa augunum upp á þak og segir við hann: „Varst það þú? Fyrirgefðu!“


KOMDU

í

KOLAPORTIÐ

– dásamleg deild samfélagsins

OPIÐ UM HELGAR FRÁ KL. 11 – 17



Þín skoðun skiptir máli.

Í dag mótar þín skoðun framtíðina.

era

Rödd freku kallanna lækkar

Lára Guðrún Jöhönnudóttir

Lára Guðrúnu Jöhönnudóttur sem steig fram í sumar og lýsti baráttu sinni við heilbrigðiskerfið eftir að hafa greinst með brjóstakrabbamein hefur fundist kosningabaráttan einkennast af örvæntingu og ódagoti. „Sem er svo sem ekkert óeðlilegt miðað við hversu óvæntur aðdragandi kosninganna var,“ segir Lára og nefnir það sem henni finnst best áberandi. „Hversu hratt rödd „freku kallanna“ fer lækkandi og hversu hratt okkur er að takast að koma í veg fyrir frekari þöggunartilburði þeirra. Hins vegar

eru ennþá nokkrir gamlir „refir“ sem eru svo uppteknir að svara fyrir eigin skít og skandala að þeir eiga í raun ekkert erindi í nútíma-stjórnsmál, við höfum hvorki pláss né tíma fyrir eiginhagsmunaseggi sem kunna ekki að setja sig í spor annarra,“ segir Lára. „Það vantar meiri náungakærleik og meiri vilja til samvinnu.“

Hún er hrifnust af herferð Pírata.



„Þeir hafa einblint á samfélagsmiðla, opna fundi og eru ekkert að spreða í einhverjar sjónvarpsauglýsingar sem birtast í linulegri dagskrá. Þeirra herferð byggist á því að treysta unga fólkinu til að mæta á kjörstað og ég hef fulla trú á því að þeir sem eru nýkomnir með kosningarétt mæti og kjósi það sem er rétt fyrir þá.

X-D herferðin er vandræðalega

klaufaleg, fullt af einhverjum súluritum með tölum sem gefa skakka mynd af raunveruleikanum, sem gefur einnig til kynna að þau haldi að kjósendur séu meðfærilegir sauðir sem kunna ekki að rýna í eða nálgast rétta tölfræði sjálfir.“

Lára segist finna fyrir vilja til að gera betur í heilbrigðismálum. „Það er margt sem þarf að bæta, nýja greiðsluþáttókukerfið er svo sannarlega engin töfralausn og ég held það sé engum frambjóðanda í hag að reyna að kaupa atkvæði á því að stæra sig af því.“

leika Ghostigital á Gauknum. Þetta er ekki allra og myndbandið gerir mig hræddan og stressaðan.“

Ein uppákoma í kosningabaráttunni segir Andri Freyr að komi niður á nágrenni sínu. „Já, mesti skellurinn við formannsskipti Viðreisnar er að nú verður enginn ráðherra í götunni minni.“

Andri Freyr vill frekar sitja með meðlimum Bjartrar framtíðar á bar en að fylgjast með þeim á þingi. „Þau eru frábær og skemmtileg, ég held það sé geggjað að sitja með þeim á bar. Eg vil líka aftur geta hlustað á HAM og farið á HAM tónleika án þess að vera að hugsa: þetta er alþingismaður að headbanga og garga.“

En hvað með kveikjuna að þessum kosningum? „Ég er því miður hræddur um að það sé talað jafnmikið um uppreist æru og myglu í húsum í þessari kosningabaráttu. Við erum alltaf allt of fljót að gleyma. En það segi ég vitandi ekki neitt um pólitik.“

eins og Samfylkingu að það var handvalið á listann. En listinn er vel heppnaður og það væri gaman að hafa til dæmis Guðmund Andra á þingi. Hann er skemmtilegur og kemur vel fyrir sig orði.“

Samfylkingin gerði tónlistarmyndband sem hefur vakið mikla eftirtekt. Textinn er eftir Hallgrím Helgason, lagið eftir Bigga veiru og Dr. Gunnir syngur. Logi segir myndbandið nið. „Súpermaalefnalegt að láta banana dansa í kringum kúk. Það er ekki bara Miðflokkurinn sem hefur verið að leika sér í Paint. Þetta vídeó er allt það versta við þessa kosningabaráttu. Nið, amatörismi og hallærisheit.“

Logi segir Miðflokkinn slæm tíðindi fyrir Flokk fólksins. „Miðflokkurinn var mjög slæm tíðindi fyrir Flokk fólksins. Þú þarft ekki að vera geimvísindamaður til að átta þig á því. Lógóið er svo auðvitað skrytinn redding. Það er varla hægt að búa til stjórnmalaflokk á nokkrum vikum. En það er tilvalið fyrir ungliðahreyfinguna að vera með svona My Little Pony útgáfu. Þetta verður nú atriði í skaupinu.“

þegar hann spurði. En ekki okkur. Það segir mikið,“ segir Anna Katrín og segir svaraleysið vanvirðingu.

„Þess utan hefur mér fundist baráttan á neikvæðum nótum. Einkennast af rifrildi og leiðindum, þrætum um litla hluti þar sem er gert lítið úr andstæðingnum til að lyfta sér upp. Það eru allir komnir með nóg af þessu og ég hef sagt að ég sé með ofnæmi fyrir pólitik. Þá hef ég lítið tekið eftir mörgum flokkum í framboði. Mér finnst þeir ekki tala til mín sem kjósenda. Ég vil taka upplýsta ákvörðun en það er eins og þeir hafi ekki áhuga á samtali við stóran hóp kjósenda. Ég ber ofboðslega lítið traust til flestra stjórnmalaflokka. Nema Pírata, þeir hafa unnið sér mitt traust. Ég er ekkert feimin við að segja að ég muni kjósa þá. Það er vegna þessa viðmóts. Þau eru fólk eins og við, setja sig ekki ofar okkur og eru tilbúin að hlusta og vinna fyrir okkur.“



Kynningarfundur um Nordplus norrænu menntaáætlunina

Kynningarfundur um Nordplus norrænu menntaáætlunina verður haldinn **1. nóvember í Veröld, Húsi Vigdísar Finnbogadóttur** hjá Háskóla Íslands, kl. **15.30 – 17.30**. Farið verður yfir Nordplus áætlunina og þær breytingar sem verða á nýrri áætlun fyrir árin 2018-2022.

Nordplus veitir styrki til allra skólastiga og allir sem starfa við menntamál, innan formlegra menntastofnana eða utan þeirra, geta sótt um í Nordplus, m.a er hægt að sækja um bekkjarheimsóknir, kennaraskipti, norræn tungumálaverkefni og samstarfsverkefni á Norðurlöndum og Eystrasaltslöndum. Næsti umsóknarfrestur er 1. febrúar 2018. Sjá nánar á nordplus.is.

Boðið verður upp á léttar veitingar og hægt verður að fá persónulega ráðgjöf varðandi umsóknir.

Vinsamlegast skráið ykkur á rannis.is



Nordplus

rannís

Magnús Guðmundsson
magnus@frettabladid.is



Eins og með allar mínar skáldsögur, mín fyrsta kom 1996, þá er þetta tæplega tveggja ára meðganga, en ég kláraði þessa í miklu blússi í París í vor. Ég skrifa yfirleitt á hverjum degi, og hingað til hefur flest gengið upp í þeim skilningi að bækurnar klárast, eru tilbúnar eftir þennan tíma, tæp tvö ár. Þetta er samt alltaf helvítis barátta upp á líf og dauða hvern einasta dag. En ég hafði aldrei áður farið í svona langan tíma í burtu til þess að skrifa, var í París í tvo mánuði, en valdi tímasetninguna út frá mínum rytma. Það varð líka raunin að ég var á lokasprettinum og það var mjög gott að geta unnið svona sleitulaust. Þessi rytmi, skáldsaga annað hvert ár, hefur gengið upp hjá mér frá byrjun, árið 1996, en fyrr eða síðar mun hann riðlast og þá verður lífið enn erfiðara en það er. Miklu verra," segir Jón og brosir sposkur. „En ég vil vera búinn með þetta þegar þetta kemur inn í sumarið," segir Jón Kalman Stefánsson rithöfundur um nýjustu skáldsögu sína, Saga Ástu.

Byrjaði þrisvar

Saga Ástu ber undirtitilinn Hvert fer maður ef það er engin leið út úr heiminum? Persónurnar eru á einhvern óræðan hátt kunnuglegar og í senn djúpar þannig að lesandinn fær það á tilfinninguna að Jón Kalman sé búinn að bera þær innra með sér um langa tíð. En skyldi það vera raunin? Hvaðan kemur þetta fólk? „Það er nú bæði já og nei. Reyndar held ég að persónurnar hjá mér séu oft sambland af skáldskap og síðan einhverjum sem maður hefur þekkt, eða heyrt af, lesið um. Ég byrja með einhverja hugmynd að sögu, að persónum, atvikum, en þær hugmyndir eru mjög fljótur að breytast, gerbreystast, taka óvænta vendingu, vegna þess að aflið í skáldskapnum tekur yfir. Þær persónur sem maður hefur verið með í huga breytast þannig og fjarlægjast fyrirmyndir sínar verulega, ef einhverjar hafa verið.

Það var óvenjulegt með þessa bók að ég þurfti að byrja þrisvar á henni. Var búinn að skrifa vel hundrað síður þegar ég áttaði mig á því að það voru einhverjar gangtruflanir. Ég byrjaði aftur, skrifaði aðrar hundrað síður, en allt fór á sama veg. Það voru ekki mjög gláðar stundir. Ég var ósáttur við sjálfan mig, húðskammaði mig, fannst allt ónýtt, en áttaði mig loks á því að ég var að flaska á grundvallaratriðinu, nefnilega frásagnaraðferðinni. Eftir að ég var kominn niður á hana þá fór þetta að ganga betur.“

Skáldskapur er veruleiki

Jón Kalman bendir á að eflaust sjái þeir sem þekkja hans fyrri bækur skyldleika við Snarkið í stjórnum og Ýmislegt um risafurur og tímenn sem komu út fyrir löngu, eins og hann orðar það. „Það er að segja með þessari sögu um móður sem gengur út úr lífi tveggja ungra barna, yfirgefur þau og hverfur. Það er ákveðinn útgangspunktur og grunnur að öllu í Sögu Ástu.

Amma mín gerði þetta," segir Jón og staldrar við hugsu. „Gekk út, yfirgaf eiginmann og dætur sínar tvær, kornabörn. Þetta er auðvitað svo sérstakt, óskiljanlegt, einkennilegt og skakkt að það er ekki annað hægt en að hugsa um það. Fyrir fólkid í kringum viðkomandi manneskju líkist svona gjörningur kjarnorkusprengju sem geryðir tilverunni, og síðan dreifist geislavirknin eins og eitur í gegnum líf þeirra. Ég var barn þegar ég fyrst heyrdi af þessu og þetta hefur alltaf fylgt mér. Fyrst dæmdi maður hana, því það er svo auðvelt. Hún var sek, hún var glæpamaðurinn. En svo fór mann hægt og bitandi að gruna flóknari ástæður, fór að sjá ógæfuna, harminn, örvæntinguna, því fólk gerir svona lagad ekki bara sér til dundurs. Mig bæði langaði til þess og ég þurfti að fara inn í þetta aftur og skoða það betur.



Jón Kalman Stefánsson hefur takmarkaðan áhuga á að því að segja frá sínu lífi í skáldskap. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þess vegna enda allir listamenn í helvíti

Saga Ástu er nýjasta skáldsaga **Jóns Kalmans Stefánssonar** sem segir að þó svo skáldskapurinn þurfi alltaf á veruleikanum að halda, þá komist veruleikinn einfaldlega ekki af án skáldskapar.

Ég nota mér sem viðspyrnu Huldu Markan, ömmu mína, og langafa minn, Einar Markan söngvara sem fór til Þýskalands og Noregs að nema söng og tók svo upp plötu í Noregi. Ákaflega sjarmerandi maður og með einstaklega fallega rödd, framtíð og frami blasti við, en síðan gerðist eitthvað og hann hættir nánast að syngja. Og það var einmitt þetta „eitthvað“ sem sótti á mig. Skáldskapurinn og óvissan byr í þessu orði, eitthvað. Og hún Ásta, já, hún er að einhverju leyti skyld móðursystur minni, Jóhönnu Þráinsdóttur þýðanda, sem skipti mig svo miklu máli og ég sakna svo sárt. Ég nýti vissa ytri þætti úr lífi hennar. Til að mynda kynni hennar og vináttu við Ara Jósefsson skáld. Það er ákveðinn grunnur í sögunni, en þetta er

samt ekki saga þeirra, alls ekki, það væri hrein fölsun, gott ef ekki glæpsamleg einfaldni að halda því fram. Saga Ástu er skáldskapur. En skáldskapurinn byggir alltaf á veruleikanum, kemst ekki af án hans. Alveg eins og veruleikinn kemst ekki af án skáldskapar. Nei, veruleikinn myndi einfaldlega veslast upp, verða eyðimörk, lífvana pláneta, hefði hann ekki skáldskapinn.

Þegar ég byrja að skrifa þá tekur skáldskapurinn alltaf yfir, tekur eiginlega völdin af mér. Og drekkir rökhugsuninni eins og blindum kettlingi. En fólk er alltaf að leita að fyrirmyndum í skáldskapnum, við gerum það ósjálfrátt, en yfirleitt drögum við kolrangar ályktanir. Þetta er eins og með stjórnumspár þar sem kannski 5% rima við þig en þú gripur það og

segir – fjandinn maður, þetta passar algjörlega við mig. Fólk vill að skáldsagan sé lífið, að það sé verið að lýsa því sem hefur gerst. En góður skáldskapur er veruleiki í sjálfu sér. Hann getur öllu heldur breytt veruleikanum, stækkað hann, gert rikari. Veruleiki og list, er það ekki sami hluturinn? Sálumessa Mozarts er jafn mikill veruleiki og vatnið sem við drekkum. Andinn visnar án Mozarts, líkaminn skrælnar án vatnsins. Nema; saga Ástu er ekki um ömmu mína eða mína fjölskyldu, heldur um það hvað verður til þess að þú sprengir líf þitt svona algjörlega upp og af hverju er svona erfitt að vera til. Af hverju er svona erfitt að lifa?

Manneskjan er risafura

Eftir því sem árin hlaðast á mig þá



AMMA MÍN GERÐI ÞETTA.

GEKK ÚT, YFIRGAF

EIGINMANN OG DÆTUR

SÍNAR TVÆR, KORNA-

BÖRN. ÞETTA ER AUÐ-

VITAÐ SVO SÉRSTAKT,

ÓSKILJANLEGT, EINKENNI-

LEGT OG SKAKKT AÐ ÞAÐ

ER EKKI ANNAD HÆGT EN

AÐ HUGSA UM ÞAÐ.

leitar alltaf sífellt meira á mig hversu erfitt það er að vera manneskja. Og þá sumpart vegna þess að við gerum svo miklar kröfur til okkar, samfélagid, fjölskyldan og trúarbrögðin, um að þú eigir að vera svona og svona. Sem manneskja, sem einstaklingur. Svo rennur þú inn í ákveðinn farveg, inn á ákveðinn bás, og þá er helst ætlast til þess að þú sért þar. Það er eins og við göngum út frá því að eftir að manneskjan hafi náð ákveðnum aldri, ákveðnum þroska, þá sé hún komin á sinn stað. En manneskjan er sibreytileg, og tilfinningar hennar nema aldrei staðar. Við gleymum því að við erum bara tilfinningar.

Við erum undir stöðugu áreiti í samtíma okkar. Það er síminn, tölvupósturinn, Twitter, Facebook, Instagram ... Fyrir hundrað árum, hvað þá tvö eða þrjú hundruð, var hringurinn af því fólkid sem þú kynntist miklu þregri. Nú er hann orðinn svo miklu stærri og margbrotnari og í þeim skilningi má segja það sé erfiðara að vera til í dag en hér fyrrum. En er hættu á að þessi stóri hringur leiði til þess að öll samskipti verði grynri fyrir vikið þar sem þú átt þúsund vini á Facebook? „Það er ákveðin hættu á að þú tynir þér þar og hættir að greina á milli kunningja og vina. Þar á milli er úthaf.

Öll þessi tækni, sem á undraskömmum tíma er orðin sjálfsagður hluti af hversdegi okkar, kom svo hratt inn í líf okkar að við höfum eiginlega ekki hugmynd um hvaða áhrif það á eftir að hafa á tilvist okkar, tilfinningar, viðmið, sýn á heiminn. Manneskjan breytist jafn hægt og risafura sem tekur þúsund ár að vaxa. Það tekur minnst þúsund ár fyrir kerfið innra með okkur að breytast að ráði, en nú hefur samfélagid og umhverfið gerbreyst á fimmtán árum. Það hlýtur að hafa einhver áhrif.“

Mikilvægara að skrifa um heiminn

Nú eru engin þúsund ár síðan amma þín gekk frá sínum börnum? Hefur þú aldrei óttast að bera þetta í þér? „Nei, alls ekki. Ég tengdi þetta ekki þannig við mig enda kynntist ég henni aldrei. Þó maður sé alltaf að skrifa um sjálfan sig þá er ég aldrei að skrifa um mig. Það er að segja ... ég hef ósjaldan notað eitthvað úr mínu lífi sem einhvers konar ytri grind í bókum mínum, einhverja atburði, minningar eða eitthvað slíkt. En það er þá bara grind sem ég síðan hleð skáldskapnum utan á. Það er svo mikið afl í skáldskapnum, hann er svo miklu stærri en ég, víðfeðmari en líf mitt, býr yfir svo miklum möguleikum, ótal salarkynnum, að hann tekur yfir um leið og ég byrja að skrifa. Ég er mjög ánægður með það. Hef takmarkaðan áhuga á því að segja frá mínu lífi í skáldskap. En það er auðvitað svo að ef maður gefur allt sitt í það sem maður gerir þá þvælist eitthvað með. Það lekur yfir en það er aukaatriði.

Ég held og ég vona að það séu mörg stef í þessari bók. Eitt af þeim er hin eilífa og knýjandi spurning um skyldu þína sem listamaður? ➔

NÝR DISCOVERY

FJÖLHÆFASTI JEPPINN OKKAR



ABOVE & BEYOND



Nýr Discovery er hæfari og öflugri en nokkru sinni fyrr. Discovery er nú í fyrsta sinn með yfirbyggingu úr áli sem gerir hann 490 kg léttari. Hæfni við erfiðar aðstæður hefur verið aukin með endurbættu Terrain Response drifkerfi og loftpúðafjöðrun sem gerir ökumanni kleift að hækka bílinn upp og ná allt að 28,3 cm veghæð og 90 cm vaðhæð sem er alger sérstaða í þessum flokki bíla.

Hátt og lágt drif er staðalbúnaður í SDV4 og TDV6 gerðunum. Auk ríkulegs staðalbúnaðar er hægt að fá sæti fyrir 7 manns. Innréttingin í nýjum Discovery er endurhönnuð frá grunni og í algerum sérflokki hvað varðar útlit og áferð. Verið velkomin í reynsluakstur því sjón er sögu ríkari.

Discovery S SD4,	sjálfskiptur dísil,	180 hestöfl,	eyðsla 6,3 l/100 km*	Verð: 9.390.000 kr.
Discovery S TDV6,	sjálfskiptur dísil,	240 hestöfl,	eyðsla 6,5 l/100 km*	Verð: 10.090.000 kr.
Discovery SE TDV6,	sjálfskiptur dísil,	258 hestöfl,	eyðsla 7,2 l/100 km*	Verð: 11.590.000 kr.

www.landrover.is

OPÍÐ Í DAG FRÁ 12-16

VELKOMIN Í REYNSLUAKSTUR

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is





Jón Kalman segist fyrst og fremst vilja snerta lesandann og hræra í honum, að skáldskapur hans hafi áhrif, en hver hann sjálfur er skipti minna máli. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Þetta er samsvarandi spurningunni: Hver er þín skylda sem manneskja? En áttu sem listamaður að glíma við heiminn eða við sjálfan þig? Það er þarna skáld í bókinni, föðurbróðir Ástu, og hann er að glíma við þessa spurningu, þennan efa. Hann er móðernisti og sem slíkur vill hann ekki yrkja um sjálfan sig, honum finnst það vera hálfgeft vændi, meðal annars vegna þess að heimurinn skiptir meira máli en hann. Ég er að sumu leyti sammála honum, en samt ekki, því sem skáld þá geturðu ekki komist hjá því að yrkja um sjálfan þig. Mér finnst mikilsverðara að skrifa um aðra en sjálfan mig, mikilvægara að skrifa um heiminn, en ekkert er augljóst, hér eru engar skýrar línur vegna þess að skáldskapur er svo persónulegt form. Einkum ef þú skrifast út frá ljóðinu eins og ég geri sumpart. Þá kemur alltaf eitthvað af þínu blóði með.“

Ljóðið í skáldsögunni

Saga Ástu felur í sér mikinn samruna ljóðs og prósa – líkast til meira en nokkru sinni í verkum Jóns Kalman. Himinninn leikur þar líka nokkuð stórt hlutverk og því ekki úr vegi að spyrja höfundinn – ertu Skýið í buxunum í þessari bók? Nú hlær Kalman en segir þó léttur: „Majak-

ovskí var mitt skáld lengi vel. Ég er sá sem kem þessum heimi áfram og sjálfsgat er ég víða – alls staðar og hvergi, og er þannig séð ský í buxum. Ég myndi í það minnsta taka að mér að vera himinninn einn dag og það má að vissu leyti segja að himinninn sé sögumaður bókarinnar. En það er alltaf þessi glíma, að koma þeim heimi sem heltekur mann áleiðis á sem bestan og áhrifamestan hátt. Til þess reynir maður að nota alla þá tækni og möguleika sem maður býr yfir. Þó svo ég hugsi aldrei um lesandann þegar ég skrifa þá vil ég auðvitað fyrst og fremst að skáldskapur minn hafi áhrif, að hann skipti máli. Snerti lesandann og hræri í honum. Ef það heppnast þá er það aðalatriðið – hver ég er skiptir minna máli.“

Nú ert þú með djúpar rætur í ljóðinu og ætlaðir að verða ljóðskáld. Færir ljóðið þér ákveðna hæfni? Gerir það þig færari og viðkvæmari? Þú leyfir þér að vera viðkvæmur ólíkt mörgum kyn- og starfsbræðrum þínum. „Ég er sá sem ég er. Ég hef aldrei tekið meðvitaða ákvörðun um það hvernig ég skrifa, útkoman byggir alltaf á tilfinningu og einhverju ómeðvituðu. Einhverju sem kemur að innan.“

En ég man að mér gekk bölvænlega þegar ég byrjaði að skrifa prósa. Ég

skrifaði tvær skáldsögur sem ég henti og enginn fékk að lesa sem betur fer. Þær voru alveg hræðilegar. Ég sá eftir á að ég var einfaldlega ekki búinn að finna mína fjöl, minn takt, var ekki búinn að læra að anda í skáldskapnum. Þessar vondu skáldsögur voru miklu hefðbundnari en það sem ég gerði síðar, eða þegar ég loks datt niður á þá æð og þá opnaðist eitthvað. Og ég áttaði mig á því, það bara kom, að fyrir mér er ekki svo ýkja mikill munur á ljóði og prósa. Eða kannski: Ljóðið er Trójuhestur skáldsögunnar...

En auðvitað er ekkert sem tekur fram góðu ljóði. Það er eins og bestu skáldin geti þjappað öllum alheiminum saman í fæinar línur. Góð ljóð eru þannig að þú getur lesið þau alla þína ævi, aftur og aftur, hundrað sinnum á ári, og alltaf skynjað eitthvað nýtt. Ég er að reyna að koma þessu inn í skáldsöguna. Það búa svo miklir möguleikar í ljóðinu, eðli þess og andardrætti að það er fánlegt að nota það ekki að stækka skáldsöguna með því að segja sögu en líka yrkja ljóð um leið. Þannig var það í upphafi, ég er þá að hugsa um kvíður Hómers – þær eru skáldsögur í ljóðum. Þetta er nauðaskyld en við erum svo takmörkuð að við erum alltaf að flokka hluti í stað þess að láta þá vinna saman. Fyrir mér er tónlistin líka hluti af þessu, skáldsaga, ljóð og tónlist. En þetta er auðvitað bara mín leið, mín aðferð. Skáldsagan býr yfir endalausum möguleikum, ég er bara að nýta hluta þeirra.“

Tvær tíkur og ástin

Jón Kalman segir að eftirsjá og söknudúr sé gegnumgangandi í þessari sögu. „Eftirsjáin eftir því sem er farið og þú hefur misst, en líka því, og ekki síður, sem þú hefur ekki gert. Því sem þú megnaðir ekki að gera, eða þorðir ekki. Mig grunar og ég óttast að eftirsjáin sé sterkari þráður í lífi fólks en við viljum almennt gangast við, en það er hins vegar spennandi að glíma við það sem höfundur, það varpar svo miklu ljósi á manneskjuna, þetta flókna fyrirbæri. En um leið og maður fer inn í taugakerfið og hjartað og segir sögu tilfinninganna, þá er maður líka einfaldlega að segja sögur af atvikum smáum sem stórum sem detta í fangid á manni og fá mann til að brosa. Og er það ekki brosið sem gerir þessa plánetu byggilega? En ég er jafnframt alltaf, sama hvað ég er að skrifa um, að takast á við minn



DAUÐINN ER EITTHVAÐ

SEM VIÐ STEFNUM AÐ Á

HVERRI SEKÚNDU, VIÐ

ERUM SEM BETUR FER EKKI

MEÐVITUÐ UM ÞAÐ

ÖLLUM STUNDUM, EN

HANN NÁLGAST OKKUR

STÖÐUGT.

samtíma, umhverfi mitt nær og fjær, takast á við stjórnmal á Íslandi og loftslagsbreytingar í heiminum, og spurninguna um hvort það séu til fleiri alheimar.

Fyrir mér er þetta allt undir og allt eitt og hið sama. Ég hef alltaf haft þessa þörf fyrir að koma að gagni og gagnrýna það sem þarf að gagnrýna. En það er þrennt sem er einna erfiðast að skrifa um. Það er ádeila – pólitík – það er erótík – þessar tvær tíkur og ástin. Hvað mig varðar þá er ádeilan mér erfiðust. Það er eitthvað sem ég hef verið að glíma við frá því að ég byrjaði. Þetta er í ættinni því frændi minn, Hannes Sigfússon, barðist við þetta nákvæmlega sama og stórskemmdi sumar af sínum bókum með því að vera of ákafur í ádeilunni. Hann var fyrstur til þess að viðurkenna það seinna meir. Það er ekki öllum gefið að skrifa ádeilu. Það er ekki öllum gefið að skrifa bók á borð við Meistarann og Margarítu sem ristir í sundur samfélag kúgunar og grimmdar.

En mér finnst að maður eigi að reyna það sem listamaður ef maður mögulega getur. Ef það er ekki í þér þá gerir þú það ekki, ekki beint það er segja, en öll list er í sjálfu sér andóf. Listin er alltaf í stjórnarandstöðu og þess vegna enda allir listamenn í helvíti. Alltaf í andstöðu. Ef maður er sendur í himnaríki þá er maður strax farinn að gagnrýna skipan mála þar og verður því sparkað þaðan. En þetta er eitthvað sem mér finnst

skipta máli. Að reyna að gera þetta ef maður mögulega getur. Að rista samfélagið í sundur.“

Múrverk og dauðinn

Jón Kalman gefur sér stund til þess að hugsa málið og leggur í framhaldinu áherslu á að skáldskapurinn verði alltaf að ráða. „Ef þú reynir að þröngva einhverju inn í skáldskapinn, ádeilu eða erótík, getur lesandinn fengið á tilfinninguna að þetta þurfi ekki að vera, og þá ertu búinn að svikja sjálfan þig. Allt á að koma vegna þess að það þarf að koma. Þarf að vera þarna. Hvort sem það er erótík eða pólitík þá verður það að vera samofið sögunni og fullkomlega á hennar forsendum. Ef þú nefnir Donald Trump án þess að það þurfi að nefna hann í sögunni þá er allt unnið fyrir gyg og Donald Trump búinn að vinna enn einn sigurinn.“

Er þetta afstada ljóðskáldsins til tungumálsins – engu má vera ofaukið? „Nei, sko, þabbi minn var múrari, og þú leggur ekki flisar, steypir vatnsbretti, múrar vegg með röngum aðferðum eða efnunum. Þetta er nákvæmnisvinna og það eru sömu lögmál sem ríkja í múrverki og skáldskap. Þú verður að gera eins vel og þú mögulega getur, annars molnar úr veggnum, lekur með vatnsbrettinu. Og þá hefur þú brugðist.“

En í þessari sögu segir: „Að skrifa er að berjast við dauðann“ – hann er alltaf nærri, heldur alltaf í hinn endann á öllum þráðum. Er þá alltaf svona mikið undir við skriftirnar? „Það er tvennt sem við vitum: Að við fæðumst og að við deyjum. Þetta sem er þar á milli kallast líf. Dauðinn er eitthvað sem við stefnum að á hverri sekúndu, við erum sem betur fer ekki meðvituð um það öllum stundum, en hann nálgast okkur stöðugt.“

Ég veit ekki hvort það spilar inn í að móðir mín dó þegar ég var fimm ára gamall, það var minn heimsendir. Hvort það hafi haft þau áhrif að allt frá því að ég man eftir mér þá hefur dauðinn verið mér mjög hugstæður. Mér finnst að það að skrifa sé orrusta mín við dauðann. Mín tilraun til þess að yfirfrita hann en jafnframt langar mig til að vita hver dauðinn er. Hvað ber hann með sér? Hvað er á bak við dauðann? Er eitthvað á bak við hann? Ég er alltaf að reyna að komast að því og er sannfærður um að mér muni takast það, að ég muni komast að því, að ég muni sjá inn í ríki dauðans.“

Mundir þú eftir að bursta og skola í morgun?

GUM eru hágæða tannvörur



... fæst í næsta apóteki og helstu stórmörkuðum

allar upplýsingar á www.icecare.is


LOL

LAUGARDAGUR 28. OKTÓBER 2017

Helgin



Þrjár íslenskar söng-
dívur ætla að bregða
sér í gervi Dolly Parton,
Emmylou Harris og
Lindu Ronstadt í Salnum
á fimmtudag. ➔4



Starfsmenn KeyNatura í kajakróðri á Suðurlandi, með þara í forgrunni, en KeyNatura vinnur andoxunarefnið astaxathin úr smáþörungum.

KEY
nat
ura

KeyNatura – Þörungaskörungar!

Íslenska líftæknifyrirtækið KeyNatura kynnir til leiks sínar fyrstu
vörur úr þörungum eftir þriggja ára þróunarvinnu. ➔2



MARAFON
NOW OG
11GB Á
3.990 KR.

*á mánuði

365.is | **365**

Framhald af forsiðu →

KeyNatura er þróttmikið og ört vaxandi líftæknifyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á astaxanthin, einu öflugasta andoxunarefni náttúrunnar. Efnið er framleitt úr þörungum sem ræktaðir eru með nýrri og áhuga-verðri tækni.

Astaxanthin

„Náttúrulegt astaxanthin er eitt af öflugustu andoxunarefnum sem fyrirfinnst á jarðri, ef ekki það besta. Mannlíkaminn treystir á andoxunarefni til að létta á oxandi streitu og hjálpa til við að lækna skemmda frumuvefi,“ segir Baldur Ólafsson, markaðsstjóri KeyNatura.

„Til að útskýra betur hvernig þetta virkar má segja að andoxunarefni á borð við astaxanthin berjast gegn ferli oxunar og sindurefna sem herja á frumur líkamans með tímanum. Astaxanthin vinnur með heilbrigði húðar, vöðva, liðbanda, augna og hjarta- og æðakerfis, sem gerir það einstaklega virkt meðal andoxunarefna.“

Náttúrulegasta og hreinasta uppspretta astaxanthin finnst í þörungum.

„Þörungar eru aðalframleiðendur matvæla fyrir aðrar lífverur og dýr. Þeir eru plöntur og neðsta uppspretta næringarefna í fæðukeðjunni. Einnig má nefna að 70 til 80 prósent alls súrefnis á jörðinni eru framleidd af þörungum,“ útskýrir Baldur.

Efnið sem gerir laxinn bleikan

„Andoxunarefnið astaxanthin er einmitt það sem gefur laxinum rauðan blæ og talið er að það veiti honum þann aukna þrótt sem hann þarf til að komast leiðar sinnar upp straumharðar ár,“ upplýsir Baldur.

Aðeins eitt hylki af andoxunarefnum KeyNatura inniheldur sama magn af astaxanthin og er í einu kíló af laxi.

„Þess má geta að humar, lax og flamingóar eiga einnig sameiginlegt að fá sinn rauða blæ frá astaxanthin,“ segir Baldur.

» AstaOrka og AstaOmega eru klárlega vörur fyrir þá sem vilja auka lífsgæði sín.

Rannsóknir á astaxanthin

Astaxanthin, sem KeyNatura nefnir ASTA til auðkenningar á vörum sínum, hefur verið mikið rannsakað.

„Sífelld birtast nýjar niðurstöður sem gefa betri mynd af því hversu góð og viðtæk áhrif andoxunarefnið hefur á líkamann. Þar af sýndu niðurstöður rannsóknar, þar sem tími hjólréðamanna var mældur, að árangur þeirra sem tóku inn astaxanthin var 5 prósent betri en hjá samanburðarhópnum,“ segir Baldur.

Vistvæn framleiðsla á heimsmælikvarða

Markmið KeyNatura er að skipa sér í hóp fyrirtækja í forystu í framleiðslu á þörungavörum í heiminum og bjóða upp á fjölbreytt vöruúrval í náinni framtíð.

„Fyrirtækið telur nú tíu starfsmenn og stefnir að því innan fimm til tíu ára að þeir verði fimmtíu talsins með tífalt meiri framleiðslugetu en í dag. KeyNatura er virkur þátttakandi í því að skapa nýtt upphaf í vistvænni framleiðslu næringar- og hollustuefna úr vannýtttri auðlind sem byggir á sjálfbærri nýtingu á auðlindum jarðar,“ segir Baldur.

KeyNatura er að Suðurhelli 8 í Hafnarfirði. Sjá nánar á keynatura.is.



Sjöfn Sigurgísladóttir er framkvæmdastjóri KeyNatura og Baldur Ólafsson er markaðsstjóri KeyNatura.

Tvær nýjar vörur

AstaOrka frá KeyNatura: Verndar frumur líkamans fyrir oxunarálagi og eykur þol, kraft og endurheimt. Hvert hylki inniheldur 4 mg af astaxanthin sem talið er geta verndað húðina fyrir ágangi sólarljóss með eins konar sólarvörn að innan. Einnig hafa rannsóknir sýnt frábæran árangur astaxanthin gegn hrukkum og húðblettum.

AstaOmega frá KeyNatura: Íslendingar hafa vanist því að

taka lýsi unnið úr þorskalifur en nú býðst þeim að sækja Omega-3 fitusýrur beint til upprunans – eða frá þörungum. Hvert hylki af AstaOmega inniheldur Omega-3 fitusýrurnar EPA og DHA, ásamt 4 mg af astaxanthin, öflugasta andoxunarefni frá náttúrunnar hendi. Þessi efni stuðla að bættri starfsemi hjarta, heila og augna, og eru talin minnka bólgu í vefjum líkamans.

AstaOrka fæst á eftirfarandi sölustöðum: í Fjarðarkaupum, Heilsuveri, Heilsuhúsinu, Lyfju,

Apótekinu í Spöng og Setbergi, Mamma Veit Best, Systrasamlaginu, Lyfjavali Mjódd og Farmasíu.

Fleiri vörur á næstunni

KeyNatura teflir fram fleiri vörum úr þörungaríkinu á næstunni. „Má þar helst nefna AstaLýsi í fljótandi formi. Eins og nafnið gefur til kynna inniheldur lýsið astaxanthin og lýsi í einni blöndu. Þessi bráðholla blanda tvinnar saman hið nýja (astaxanthin) og hið gamla (lýsi) sem við Íslendingar þekkjum öll,“ segir Baldur.

AstaLýsi er einstaklega bragðgott enda er ekkert til sparað í gæðamálum.

„Einstök uppskrift blöndunnar er með appelsínubragði og gerir að verkum að kröfuhörðustu sælkerar gefa tvo þumla upp við smökkun. D-vítamini er einnig bætt við lýsisblönduna, sem er lífsnauðsynlegt fjörefni okkur sem búa hér á hjara veraldar í allsherjar myrkri yfir vetrarmánuðina og þegar minna er um náttúrulega gjafa þessa mikilvæga vítamíns,“ segir Baldur.



AstaOrka og Asta Omega eru nýjar vörur KeyNatura sem innihalda einstök áhrifastaxanthins.



AstaLýsi inniheldur lýsi, astaxanthin og D-vítamín.

Finnur þú fyrir þreytu, þirringi og löngun í sætindi?

Allt þetta geta verið einkenni Candida-sveppasýkingar. Candida albicans er svokallaður tækifærissveppur (sem er ákveðið form af geri) og er hann í litlum mæli í munni og þörmum til að aðstoða við meltinguna.

Candida albicans er í raun eðlilegur hluti af hópi þeirra örvera sem lifa í meltingarvegnum en ef þessi sveppur fær að vaxa óhindrað verður hann orsök fjölda óæskilegra einkenna eins og t.d. þreytu, liðverkja, loftmyndunar, þyngdaraukningar og löngun í sykrud matvæli og drykki eykst. Afar mikilvægt er að þarmaflóran okkar sé heilbrigð og í jafnvægi en það er stundum hægara sagt en gert því það er svo margt í nútímasamfélaginu sem hefur áhrif þar á og kemur á ójafnvægi í þörmunum. Þar ber helst að nefna síklalyf, óreglulegan svefn, streitu, mikla kaffi- og áfengisneyslu og að sjálf-sögðu neyslu sykurs og einfaldra kolvetna. Ef það verður ójafnvægi á þarmaflórunni og það dregur úr vexti heilbrigðra bakteria myndast kjöraðstæður fyrir þær óæskilegu og er candida sveppurinn þá ofarlega á blaði. Ef hann fær að vaxa óhindrað veldur hann oft miklum usla og einkennin leyna sér ekki. Það getur t.d. verið:

- Meltingartruflanir
- Uppþemba
- Óeðlilegar hægðir
- Húðvandamál
- Sveppasýkingar (sérstaklega hjá konum)

- Tímabundið ofnæmi
- Hugsanlegt þunglyndi
- Löngun í sætindi
- Kvíði og þreyta

Góðir gerlar og breytt mataræði

Það er vel hægt að ráða niðurlögum Candida-sveppsins og það fyrsta sem þarf að gera er að útiloka allan sykurlausu mat. Það þýðir að við sleppum sælgæti, kókum, hveiti og áfengi. Einnig skal draga úr neyslu á korni, baunum, ávöxtum, brauði, pasta og kartöflum, en það mun hindra vöxt sveppsins og á endanum hjálpa til við að koma á jafnvægi. Gott er að taka inn góða mjólkursýrugerla á meðan verið er að vinna í að koma jafnvægi á þarmaflóruna.

Laus við sviða og kláða og önnur óþægindi

Unnur Gunnlaugsdóttir fékk fyrst sveppasýkingu fyrir fjórtán árum og fékk í kjölfarið siendurtekin óþægindi. „Ég hef prófað allt til að losna við Candida-sveppinn, allt frá grasalækningum til lyf-seðilsskyldra lyfja til að losna við þennan ófögnuð en ekkert hefur virkað. Ég minnkaði líka mjög neyslu á einföldum kolvetnum en

það hafði ekkert að segja. Tímabilið í kringum blæðingar var algjör hryllingur, stanslaus sviði og vanliðan, ég var orðin mjög þunglynd,“ segir Unnur.

Hún segir líf sitt hafa tekið miklum breytingum eftir að hún fór að taka inn Bio-Kult Candéa hylkin. „Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi



Unnur hefur notað Bio-Kult Candéa hylkin í þó nokkurn tíma og segir það eina sem hafi virkað í baráttu hennar við siendurtekin meltingaróþægindi.

“Ég er algjörlega laus við sviða og kláða og önnur óþægindi sem fylgja Candida-sveppnum.

sem fylgja Candida-sveppnum. Að auki get ég loksins farið í sund og nýtt þess að fara í sund reglulega með börnunum mínum, því líkur munur.

Ég mun hiklaust halda áfram að nota Bio-Kult Candéa og mæli með Bio-Kult-Candéa hylkjunum.“

Óflug blanda sem styrkir varnir líkamans

Bio-Kult Candéa inniheldur ófluga blöndu af vinveittum gerlum ásamt hvítlaug og Grapefruit Seed Extract sem hafa góð áhrif á meltinguna og hjálpa til við að drepa niður Candida

albicans-gersveppinn. Fyrir utan að innihalda 7 mismunandi gerla-strengi sem byggja upp vinveittu þarmaflóruna er þarna hvítlaukur sem er gríðarlega óflugur við að drepa niður gerjun og trufla virkni sveppsins og Grapefruit Seed Extract sem er þykkni, gert úr kjörnum greipaldina. Það inniheldur efna-sambönd sem eru afar virk gegn fjölmörgum tegundum bakteria, veira og sveppa og hafa langvarandi sveppasýkingar (af völdum Candida albicans) verið meðhöndlaðar með þessu efni.

Bio-Kult Candéa er öruggt og hentar vel fyrir alla, einnig barnshafandi konur, mjólkandi mæður og börn. Pakkinn inniheldur 60 hylki og ef um fyrirbyggjandi meðferð er að ræða, daga 2 hylki á dag (1 hylki tvisvar á dag). Ef Candida-sýkingin hefur þegar blossað upp þá er í lagi að taka 2 hylki tvisvar á dag.

Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

Elskaðu. Lifðu. Njóttu.

Femarelle®



40+ FEMARELLE REJUVENATE

- Minnkar skapsveiflur
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur teygjanleika húðar
- Viðheldur eðlilegu hári



50+ FEMARELLE RECHARGE

- Slær hratt á einkenni (hitakófi og nætursviti minnka)
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku
- Eykur kynhvöt
- Hefur engin áhrif á vef



60+ FEMARELLE UNSTOPPABLE

- Inniheldur kalsíum og D3-vítamín
- Eykur liðleika
- Stuðlar að reglulegum svefni
- Eykur orku sem stuðlar að andlegu jafnvægi



Ég get sagt með góðri samvisku að Femarelle VIRKAR.

Hitakófin hættu, vakna ekki lengur á nóttinni og fótþirringur er minni eftir að ég fór að taka inn Femarelle.

Halldóra Ósk Sveinsdóttir

Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.



Melissa Dream hjálpar þér að slaka á, sofa betur og vakna endurnærð ur

- Finnur þú oft fyrir syfju yfir daginn og átt erfitt með að halda athygli?

- Áttu erfitt með að sofna á kvöldin?

- Finnur þú fyrir stressi eða stöðugum áhyggjum?

- Ertu orkulaus?

Ef þú svaraðir flestum spurninganna játandi gæti Melissa Dream frá New Nordic verið lausnin fyrir þig.

Útsöluastaðir: Öll apótek, heilsuverlanir og heilsuhillur stórmarkaðanna.

Kvennasögur frá söngdívum

Níundi áratugurinn verður endurvakinn í tónlist Dolly Parton, Lindu Ronstadt og Emmylou Harris þegar þrjár íslenskar söngdívur halda upp á 30 ára afmæli plötunnar Trio sem kom út árið 1987.

Elin
Albertsdóttir
elin@365.is



Það eru þær Guðrún Gunnarsdóttir, Margrét Eir og Regína Ósk sem flytja tónlistina eins og þeim einum er lagið. Tónlist þeirra Dolly Parton, Lindu Ronstadt og Emmylou Harris hefur verið mjög vinsæl í gegnum tíðina hér á landi. Guðrún segir að þegar hún vann á Rás 2 á þeim tíma þegar platan Trio kom út hafi mikið verið beðið um þessi lög. „Hljómplatan Trio varð geysivinsæl um allan heim og seldist í meira en fjórum milljónum eintaka auk þess sem hún hlaut tvö Grammy-verðlaun. Við teljum að aðdáendur þessarar plötu séu fjölmargir á öllum aldri,“ segir hún og minnst þess að lagið To Know Him Is to Love Him hafi verið langvinsælast. Það mun hljóma í Salnum auk annarra laga af plötunni.

„Ég var gestasöngvari á tónleikum Margrétar með lögum Lindu Ronstadt og þeir voru svo skemmtilegir að okkur datt í hug að gera sérstaka tónleika með lögum af Trio plötunni og annarri



Guðrún Gunnarsdóttir, Margrét Eir og Regína Ósk þenja raddir sínar í Salnum á fimmtudagskvöldið. MYND/GUNNAR SVANBERG

12.990
HIGH RISE SKINNY

Vörunúmer: 18882-0027
Danmörk kr 14.988*
Svíþjóð kr. 12.728*

*Skv. levi.com og gengiskránn. Isl.banki 27.10.17

LIVE IN Levi's

Levi's Kringlunni - Levi's Smáralind - Levi's Glerártorgi



Dolly Parton, Emmylou Harris og Linda Ronstadt á blómatíma sínum árið 1987 þegar platan Trio kom út með þeim. MYND/GETTY IMAGES

„Hljómplatan Trio varð geysivinsæl um allan heim og seldist í meira en fjórum milljónum eintaka auk þess sem hún hlaut tvö Grammy-verðlaun.

sem kom út með þeim stöllum árið 1999. Við leyfum síðan vinsælustu lögum þessara þriggja söngkvenna aðeins að fljóta með,“ segir Guðrún. „Flestir kannast við þessi lög. Þessar heimsfrægu söngkonur eiga flottan sólóferil að baki. Dolly og Emmylou eru enn á fullu í tónlistinni en Linda er með Parkinson-sjúkdóminn og er hætt að syngja,“ segir Guðrún.

„Við vildum heiðra þessa tónlist sem er ótrúlega fallega raddsett. Það var mikil kúnt fyrir okkur að æfa þessa raddsetningu en við leggjum okkur allar fram,“ segir Guðrún og bætir við að þær

stóllur hlakki mikið til tónleikanna. „Dolly, Linda og Emmylou komu víða fram með gítarana sína í Ameríku en við fáum tvo gítarleikara með okkur, bassaleikara og trommuleikara. Það eru gríðarlega áhugaverðar sögur á bak við lögin, kvennasögur. Það er því ástæða til að leggja við hlustir. Tónlistin er þó jafnt fyrir bæði kynin,“ segir hún.

Guðrún, Margrét og Regína hafa ekki sungið saman á þennan hátt fyrr. Þær hafa þó komið fram ásamt öðrum. „Það kom okkur skemmtilega á óvart hversu raddirnar okkar passa vel saman,“ segir Guðrún en eftir þessa tónleika á fimmtudag fara þær sín í hverja áttina þegar jólatónleikarnir taka við. „Ég verð gestur á jólatónleikum Margrétar og Regína verður gestur hjá Sigu Beinteins. Það má því segja að vertið sé að hefjast hjá tónlistarmönnum landsins á næstu vikum,“ segir Guðrún sem starfar á Rás eitt þar sem hún er með þátt á virkum dögum á mannlegu nótonum.

VANDAÐAR YFIRHAFNIR

Stærðir 14-28 eða 42-56

Sjáðu úrvalið á www.curvy.is eða komdu við í verslun okkar að Fákafeni 9

Opið alla virka daga frá kl. 11-18 og laugardaga frá kl. 11-16

Curvy.is



Junarose Úlpa
12.990 kr



Jakki
7.893 kr



Parka Úlpa
15.990 kr



Sparileg Úlpa
17.990 kr



Úlviðstarbuxur
13.990 kr



Zizzi Úlpa
12.990 kr



Ullar úlpa
19.990 kr



Ullarkápa
19.990 kr

VERTU VELKOMIN Í VERSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 9 EÐA PANTAÐU Á WWW.CURVY.IS

Afgreiðslutímar í verslun Curvy.is að Fákafeni 9 eru
Alla virka daga frá kl. 11-18 og Laugardaga frá kl. 11-16

SENDUM FRÍTT
HVERT Á LAND
SEM ER!



Við erum á Snap chat - Curvy.is

Curvy.is

- Fákafeni 9, 108 RVK | Sími 581-1552 | www.curvy.is



Íslenskir fuglar hafa karakter

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar

Styrkir í lista- og menningar- sjóði

Lista- og menningarráð Kópavogsbæjar auglýsir eftir umsóknum um styrki úr lista- og menningarsjóði vegna verkefna á næsta ári. Umsóknum skal skila fyrir 17. nóvember 2017. Hlutverk sjóðsins er að efla menningarlífið í Kópavogi í samræmi við menningarsafnu bæjarins. Styrkir eru veittir einstaklingum, stofnunum og listhópum.

Umsækjendur um styrki verða að sýna fram á gildi verkefnisins fyrir lista- og menningarlífið í Kópavogi, getu til að hrinda verkefninu í framkvæmd og leggja fram skýra fjárhagsáætlun. Lista- og menningarráð fer yfir umsóknir og afgreiðir þær fyrir árslok.

Umsóknareyðublöð fást á vef Kópavogsbæjar eða hjá þjónustuveri bæjarins, [Digranesvegi 1](#).

Nánari upplýsingar veitir Soffia Karlsdóttir, forstöðumaður menningarmála í Kópavogi, í gegnum netfangið: soffiakarls@kopavogur.is

Viktoría Buzukina malar fugla í frístundum. Hún flutti til Íslands frá Úkraínu fyrir sjö árum og segir íslenska fugla hafa sterkan karakter. Best þykir henni að munda pensilinn úti í náttúrunni.

Ragnheiður Tryggvadóttir
heida@365.is



Ég elska að mála úti og fer út með malaratrönnurnar þegar tækifæri gefst. Ég nota vatns-liti mikið en líka aðra tækni. Ég var í myndlistarskóla í tíu ár og í háskólanum í Kiev í Úkraínu lærði ég innanhússhönnun og sótti líka myndlistarnámskeið. Ég er í rauninni búin að mála stans-laust í tuttugu ár," segir Viktoría Buzukina, grafískur hönnuður og myndskreytir, en vatnslitamyndir hennar af íslenskum fuglum hafa vakið athygli.

„Vinkona mín bað mig um að mála myndir af íslenskum fuglum fyrir sig. Ég hafði aldrei málað fugla áður. Mér fannst þetta svo ótrúlega skemmtilegt að ég gat ekki hætt. Fólk fór að panta hjá mér myndir og nú hef ég málað fugla í fjögur ár. Íslenskir fuglar hafa svo mikinn karakter og ég varð eiginlega hissa þegar ég uppgötvaði hversu margar tegundir eru hérna og hversu ólíkar þær eru. Í Úkraínu var ég meira að mála arkitektúrinn í kringum mig meðan náttúran og fuglarnir eru í forgrunni á Íslandi," segir Viktoría.

Hún flutti hingað til lands fyrir sjö árum og lærði grafíska hönnun í Listaháskóla Íslands. Á daginn vinnur hún á auglýsingastofu en nýtir hverja lausa stund til að mála.

„Ég mála bara í frístundum og málun og myndskreytingar verða alltaf hluti af mínu lífi. Nú eru fuglar og fjaðrir þema hjá mér en ég mála yfirleitt myndir af dýrum, blómum og mótív úr náttúrunni.



„Ég mála bara í frístundum og málun og myndskreytingar verða alltaf hluti af mínu lífi. Nú eru fuglar og fjaðrir þema hjá mér en ég mála yfirleitt myndir af dýrum, blómum og mótív úr náttúrunni," segir Viktoría.

MYND/ANTON BRINK

Það má kalla þetta vatnslitátíma-bilið hjá mér," segir hún.

„Heima í Úkraínu er auðvitað talsvert betra veður og þar málaði ég úti öllum stundum. Hér á Íslandi drif ég mig út þegar veðrið er gott. Lýsingin auðvitað fullkom-in úti í náttúrunni. Ég fæ líka alltaf innblástur þegar ég er úti að mála. Ég kemst reyndar ekki langt frá þar sem ég er með tvö börn heima, sex ára og eins árs. Ég er því frekar bundin heima við en skýst þá bara með trönnurnar út í garð.“

Fyrirtækjaráðgjöf



Sérfræðingur hjá Fyrirtækjaráðgjöf

Vegna mikilla umsvifa leitum við að kraftmiklum liðsmanni í samhentan hóp Fyrirtækjaráðgjafar Íslandsbanka.

Fyrirtækjaráðgjöf Íslandsbanka hefur gegnt leiðandi hlutverki við mótun og uppbyggingu íslensks fjármálamarkaðar undanfarin ár. Deildin veitir ráðgjöf við skráningu fyrirtækja á markað, skuldabréfa- og hlutafjárútböð og yfirtökutilboð á félögum. Einnig veitir hún fyrirtækjum og fjárfestum ráðgjöf í tengslum við kaup og sölu á fyrirtækjum. Fyrirtækjaráðgjöf vinnur náið með lykilstjórnendum fyrirtækja og eru flest stærstu fyrirtæki landsins í viðskiptavinahópi deildarinnar.

Helstu verkefni

- Verðmat og greining á fyrirtækjum
- Gerð kynningargagna
- Kynning og rökstuðningur greiningarefnis
- Samskipti við viðskiptavinum

Hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- Starfsreynsla af fjármálamarkaði og þekking á reikningshaldi er kostur
- Færni í notkun Excel og PowerPoint
- Gott vald á notkun íslensku og ensku í mæltu og rituðu máli
- Sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og kraftur

Nánari upplýsingar veita

Ásmundur Tryggvason, forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar:
asmundur.tryggvason@islandsbanki.is
Jón Emil Sigurgeirsson, Mannauðssviði:
jon.emil.sigurgeirsson@islandsbanki.is • 440 4171

Umsóknir óskast fylltar út á www.islandsbanki.is og sendar ásamt ferilskrá. Umsóknarfrestur er til og með 7. nóvember næstkomandi.

Við bjóðum góða þjónustu. Hjá Íslandsbanka starfa um 900 starfsmenn. Við sækjumst eftir starfsfólki sem er jákvætt, faglegt og framsýnt og leitar ávallt bestu lausna fyrir viðskiptavinum bankans. Framtíðarsýn Íslandsbanka er að vera númer eitt í þjónustu.

440 4000

@islandsbanki

islandsbanki.is

Sterk tengsl
í íslensku atvinnulífi
www.hagvangur.is





VIÐ ERUM
MEÐ ÞÉR
TIL ÖRYGGIS



STARFSFÓLK ÓSKAST

Öryggismidstöðin auglýsir eftir sérfræðingum í brunaviðvörðunarkerfum og þjónustuaðilum fyrir slökkvitæki.

SÉRFRÆÐINGAR Í BRUNAVIÐVÖRUNARKERFUM

Starfið felst í uppsetningu, þjónustu og forritun á brunaviðvörðunarkerfum.

Hæfniskröfur

- Sveinspróf á sviði rafeindavirkjunar eða rafvirkjunar æskileg
- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Frumkvæði, stundvísi, þjónustulund og vinnugleði
- Ökuréttindi

ÞJÓNUSTUAÐILAR SLÖKKVITÆKJA

Starfið felst í þjónustu, viðhaldi og uppsetningu slökkvitækja og slökkvikerfa.

Hæfniskröfur

- Reynsla af sambærilegum störfum kostur
- Frumkvæði, stundvísi, þjónustulund og vinnugleði
- Ökuréttindi

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf fljótlega.

Umsóknir með ferilskrá skal senda á netfangið atvinna@oryggi.is merkt „Tæknisvið“.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2017

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Vakin er athygli á því að starfsmenn Öryggismidstöðvarinnar þurfa að skila inn sakavottorði.

Öryggismidstöðin var stofnuð árið 1995 og býður upp á lausnir í öryggis- og velferðarmálum fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Öryggismidstöðin hefur á undanförunum árum hlotið viðurkenningu VR sem Fyrirmyndarfyrirtæki ársins.



Öryggismidstöðin Askalind 1 | Kópavogur | Sími 570 2400 [Nánar á oryggi.is](http://Nánar.á.oryggi.is)

PRENTARI ÓSKAST

Óskum eftir að ráða offsetprentara á nýja fjögurra lita Heidelberg Speedmaster 52.

Prentnemi kemur einnig til greina.

Upplýsingar gefa Konráð í síma 893 1195 eða á konni@litrof.is og Erlingur í síma 897 6848 eða á erlingur@litrof.is.

Farið verður með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.



LITRÓF

umhverfsvottuð prentsmiðja



Laus störf í Landsrétti

Landsréttur tekur til starfa 1. janúar 2018 á grundvelli laga nr. 50/2016 um dómstóla og verður ráðið í störf frá áramótum.

Nánar um eðli skrifstofustarfanna, starf dómavarda og prófarkalesara og skilgreindar hæfniskröfur vísast til birtra auglýsinga á Starfatorgi.

Umsóknarfrestur er til 13. nóvember. Áskilið er að umsóknir og fylgigögn berist með rafrænum hætti á landsrettur@domstolar.is Umsóknir gjalda í allt að sex mánuði.

Verkefnastjóri og sérfræðingur

Í boði eru áhugaverð og krefjandi störf hjá Embætti landlæknis sem reyna á skapandi vinnubrögð, gott skipulag og sveigjanleika. Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum einstaklingum sem hafa frumkvæði og metnað til að ná árangri og eru liprir í samskiptum. Um er að ræða starf sérfræðings til að aðstoða sviðstjóra áhrifaþátta heilbrigðis og starf verkefnastjóra heilsueflandi framhaldsskóla.

VERKEFNASTJÓRI HEILSUEFLANDI FRAMHALDSSKÓLA

Helstu viðfangsefni:

- Stýra verkefni um heilsueflandi framhaldsskóla.
- Eftirfylgni og stuðningur við heilsueflandi framhaldsskóla um land allt.
- Þátttaka í stefnumótun í heilsueflingu á sviði áhrifaþátta heilbrigðis.
- Samvinna við hagsmunaaðila, vinna við önnur þverfagleg verkefni og seta í stýrihópi.
- Mat á árangri verkefna og hagnýting rannsókna.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5912

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á framhaldsstigi s.s. á sviði kennslu, heilsueflingar, lýðheilsu eða sambærilegt.
- Þekking og reynsla af vinnu í framhaldsskólum er mikilvæg.
- Þekking og reynsla af árangursríkum leiðum til að auka vellíðan er kostur.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun er mikilvæg.
- Þekking og reynsla af rannsóknarvinnu og hagnýtingu rannsókna.

SÉRFRÆÐINGUR Á SVIÐI ÁHRIFAÞÁTTA HEILBRIGÐIS

Helstu viðfangsefni:

- Aðstoða sviðstjóra í utnumhaldi verkefna á sviðinu.
- Samskipti við hagsmunaaðila, aðstoð við stjórnun viðburða og ritun fundargerða.
- Stuðningur við þverfagleg verkefni á sviði áhrifaþátta heilbrigðis.
- Utanumhald og skipulag skjala.
- Þátttaka í verkefnum á sviði áhrifaþátta heilbrigðis.

Upplýsingar og umsókn

capacent.is/s/5911

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólapróf á sviði mennta-, félags- eða heilbrigðisvísinda eða sambærilegt.
- Þekking og reynsla sem nýtist vel í starfi er kostur.
- Þekking og reynsla af verkefnastjórnun og viðburðarstjórnun er kostur.
- Afburðafærni í framsetningu á efni á íslensku og ensku er nauðsynleg.



Embætti
landlæknis
Directorate of Health

Embætti landlæknis starfar í samræmi við lög um landlækni og lýðheilsu. Hlutverk embættisins er í hnotskurn að stuðla að góðri og öruggri heilbrigðisþjónustu, heilsueflingu og öflugum forvörnum.

Nánari upplýsingar veita Jakóbína H. Árnadóttir (jakobina.arnadottir@capacent.is) og Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum.

Umsóknarfrestur

13. nóvember

Tæknimenn hjá Neyðarlínunni

Neyðarlínan leitir að öflugum tæknifólki til framtíðarstarfa við fjarskipta- og upplýsingatækni. Neyðarlínan rekur fjarskiptabúnað á um 200 stöðum um land allt, senda og tilheyrandi búnað og umfangsmikil miðkerfi í Reykjavík. Leitað er að einstaklingum sem búa yfir lausnamiðaðri hugsun og skipulagshæfileikum. Starfsmennirnir þurfa að vera samvisskusamir, stundvísir og ósérhlífir ásamt því að sýna sjálfstæði í vinnubrögðum og búa yfir hæfni til að vinna í hóp. Mikilvægt er að starfsmenn Neyðarlínunnar séu fljótir að tileinka sér nýjungar.

Starfsstaður verk- eða tæknifræðings er að mestu leyti í Reykjavík en starfsstöð rafeindavirkjans er allt landið með megin starfsstöð í Reykjavík. Nánari upplýsingar veitir Tómas Gíslason, sími: 570 2000, netfang: tomas@112.is.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5904

VERK- EÐA TÆKNIFRÆÐINGUR

Helstu viðfangsefni:

- Vinna við miðkerfi og stjórnubúnað 112, tetra og vaktstöðvar siglinga.
- Uppbygging og rekstur umfangsmikils fjarskipta- og upplýsingatæknibúnaðar.
- Hönnun og þróun fjarskiptakerfa með áherslu á netkerfi auk stjórn- og eftirlitskerfa.
- Innleiðing nýjunga og undirbúningur nýrrar þjónustu.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Verk- eða tæknifræði af fjarskipta- eða rafeindatæknisviði, eða sambærilegt sem nýttist í starfi.
- Starfsreynsla sem nýttist í starfi.
- Þekking og/eða reynsla af fjarskiptaþjónustu og fjarskiptakerfum.

Upplýsingar og umsókn
capacent.is/s/5905

RAFEINDAVIRKI

Helstu viðfangsefni:

- Vinna við rekstur og viðhald dreifikerfa og stoðbúnaðar þeirra s.s. senda, viðtækja og annars fjarskiptabúnaðar um land allt.
- Vinna við uppsetningu og gangsetningu nýs fjarskiptabúnaðar.
- Viðhald rafeindabúnaðar, bilanagreiningu og viðgerðir.

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Sveinspróf úr rafeindavirkjun eða sambærileg menntun sem nýttist í starfi.
- Æskilegt er að viðkomandi hafi starfsreynslu af rekstri fjarskiptabúnaðar.
- Reynsla af ferðalögum um hálendið að sumri og vetri.
- Geta unnið við krefjandi aðstæður í vöndum veðrum, í möstrum og á fjöllum.

Neyðarlínan ohf. var stofnað í október 1995 og hóf 112 neyðarsímsvörur 1. janúar 1996. Í dag vinna þar rúmlega 30 manns. Tilgangur félagsins er rekstur neyðarvaktstöðvar vegna samræmda neyðarnúmersins 112, almenn svörun neyðarboða, fjarskiptaþjónusta og skyldur rekstur. Neyðarlínan er staðsett í Björgunarmiðstöð Íslands, Skóg-arhlíð 14, Reykjavík.

Öllum umsóknum verður svarað og þær meðhöndlaðar sem trúnaðarmál.

Umsóknarfrestur
12. nóvember

Capacent — leiðir til árangurs

capacent

Störf hjá Capacent á Íslandi

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingum í þrjú störf innan Capacent á Íslandi. Frábært tækifæri til að starfa í öflugum teymi ráðgjafa sem sinna ört vaxandi hópi kröfuharðra viðskiptavina á Norðurlöndunum. Nánari upplýsingar um starfssvið og hæfniskröfur eru á heimasíðu Capacent, capacent.is.

RÁÐGJAFI Á SVIÐI VIÐSKIPTAGREINDAR

